skoðun 10

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

Kaffi og prjón undir sama þaki
Kaffi Költ heitir nýtt kaffihús í miðbæ Akureyrar. Þar er einnig hannyrðaverslun.

allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
25. júlí 2011
171. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Amy Winehouse látin
Söngkonan Amy Winehouse lést um helgina aðeins 27 ára gömul.

fólk 15

Kína alltaf jafn heillandi
Kínaklúbbur Unnar heldur upp á tuttugasta starfsárið með afmælisferð til Kína.

tímamót 12



Axel og Ólafía best
Axel Bóasson og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir urðu Íslandsmeistarar í golfi.

sport 18

YFIRBUGUÐ AF SORG Norðmenn eru slegnir yfir hryðjuverkinu á föstudag. Þessi stúlka er einn eftirlifenda árásarinnar á Útey, líkt og sjá má á barmmerki því og armbandi sem hún ber. Hún var yfirbuguð af sorg við minningarathöfn sem haldin var í Ósló í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

veðrið í dag



HÆGVIÐRI Í dag verður víða hæg vestlæg átt. Nokkuð bjart vestan til en væta NA-lands fyrri part dags. Hiti 10-17 stig.

VEÐUR 4

Enn er 46 saknað eftir árásina í Útey

Alls eru 93 fallnir eftir hryðujverkið í Noregi. Lögreglan rannsakar nú hvort hryðjuverkamaðurinn hafi verið einn að verki. Einnar mínútu þögn verður í Noregi á hádegi og á Íslandi klukkan 10. Fjölda manns er enn þá saknað.

NOREGUR Alls létust 93 í hryðjuverkinu í Noregi, en einn hinna slösuðu lést á sjúkrahúsi í gær. Í sprengingunni í Ósló létu sjö lífið og 30 slösuðust og 86 létust í skotárásinni í Útey. Þar særðust 66 en 46 er enn saknað. Enn er leitað í vatninu í kringum eyna. Þá er ljóst að fleiri féllu í árásinni í Ósló, en byggingar eru enn ótraustar og því hefur lögreglan ekki getað leitað í þeim öllum.

Anders Behring Breivik, 32 ára Norðmaður, játaði í gær að hafa staðið að hryðjuverkinu. Hann segist hafa verið einn að verki, en lögreglan rannsakar hvort hann hafi átt sér samstarfsmenn. Breivik birti á föstudaginn 1500 síðna stefnuyfirlýsingu þar sem hann segir fjölmenningu og menningarkommúnisma hafa gegnsýrt vestræn samfélög.

Minningarathöfn um fórnarlömb ódæðisins var haldin í dómkirkjunni í Ósló í gær. Klukkan tólf á hádegi, að norskum tíma,

> Ef einn maður alið með sér svo mikið hatur getum við aðeins reynt að ímynda okkur hve mikinn kærleik við, sem samfélag, getum sýnt.
>
> **STINE RENATE HAHEIM**
> EIN ÞEIRRA SEM LIFÐI ÁRÁSINA Í ÚTEY AF

verður einnar mínútu þögn í landinu öllu. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hvetur Íslendinga til að sýna samúð sína í verki með einnar mínútu þögn klukkan 10 að íslenskum tíma.

Lögreglan hefur sætt ámæli vegna seinagangs í Útey, en lögreglumenn notuðu báta til að komast í eyjuna. Hún hefur útskýrt að þyrlur hennar séu bara ætlaðar til eftirlits og aðeins herinn búi yfir þyrlum sem hægt hefði verið að nota. Þær voru hins vegar staðsettar of langt í burtu og nýttust því ekki við aðgerðirnar.

Stórþingið verður kallað saman í næstu viku til að minnast fórnarlambanna. Kosningar eru í landinu í september og hafa stjórnmálaleiðtogar komið sér saman um að stytta kosningabaráttuna af virðingarskyni við fórnarlömb árásarinnar.

Stine Renate Haheim, ein þeirra sem lifði af árásina á Útey, sagði, í viðtali við CNN, að atburðurinn mætti ekki kalla á hefndarhugsanir.

„Ef einn maður getur alið með sér svo mikið hatur getum við aðeins reynt að ímynda okkur hve mikinn kærleik við, sem samfélag, getum sýnt. Ofbeldi skapar ofbeldi og hatur skapar hatur, það væri ekki góð lausn. Við munum halda baráttu okkar áfram með okkar hugmyndum og vera sterk í þeirri trú að við gerum það einnig til að minnast þeirra sem létust.“

- kóp, þeb / Sjá síður 4 og 6

Opnara samfélag

„Við munum aldrei yfirgefa okkar gildi. Svar okkar er meira lýðræði, opnara samfélag og meiri mannúð. En aldrei einfeldni,“ sagði Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, í minningarathöfn í Óslóardómkirkjunni í gær. „Við erum lítið land, en stolt þjóð,“ sagði hann einnig og talaði um að allur heimurinn syrgði með þeim sem hefðu misst nákomna í hryðjuverkaárásunum á föstudag.

SPURNING DAGSINS

Páll, verður minna um rómantík og reyktan lunda á Þjóðhátíð í ár?

„Það verður minna af reyktum lunda í ár en meira af rómantík.“

Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar. Lundaveiði hefur verið bönnuð í Vestmannaeyjum og því hafa Eyjamenn þurft að verða sér úti um lunda að norðan.

Tollkvótar vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum eru stjórnarskrárbrot:

Ætla að flytja inn kjöt í næsta mánuði

VERSLUN Tollkvótar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum stangast á við stjórnarskrána. Þetta er álit umboðsmanns Alþingis sem tók málið fyrir eftir málaleitan Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ).

ANDRÉS MAGNÚSSON

Ráðherra fékk heimild til álagningar tollanna árið 2005, en þá gegndi Guðni Ágústson embættinu.

SVÞ fóru þess á leit við umboðsmann að hann skoðaði tollkvóta vegna innflutnings á nauta-, svína- og fuglakjöti, smjöri, ostum og unninni kjötvoru. Umboðsmaður tók ekki efnislega afstöðu til erindisins en úrskurðar þó að álagning tollanna stangist á við stjórnarskrá.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, segir úrskurðinn mjög vel rökstuddan og vera áfellisdóm yfir lagasetningunni. Hann þýði að breytingin sem gerð var á tollalögum árið 2005 haldi ekki gagnvart stjórnarskrá. „Við munum skoða hvað það þýðir í víðara samhengi og hvort ríkið sé með þessu búið að skapa sér skaðabótaskyldu.“

SVÞ hafa þegar hafið undirbúning á innflutningi á kjöti, sem af verður í næsta mánuði. „Ég er þegar búinn að leggja drög að því að flutt verði inn tiltekið magn af því sem búið er að úthluta. Óhjákvæmilega koma viðbrögð frá kerfinu.“

KJÖTBORÐ Samtök verslunar og þjónustu hyggjast flytja inn kjöt eftir nokkrar vikur.

Ekki náðist í Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra við vinnslu fréttarinnar. **- kóp**



BRYNJAR SIGURÐARSON Hlaut verðlaun fyrir ljós og Húsgögn frá Vopnafirði.

Ein besta evrópska sýningin:

Hlaut eftirsótt frönsk verðlaun

FÓLK Vöruhönnuðurinn Brynjar Sigurðarson vann eftirsótt hönnunarverðlaun í Frakklandi á dögunum fyrir ljós og Húsgögn frá Vopnafirði. Hann stundar mastersnám í Sviss og nemendasýning hans í vor var í vikunni valin ein sú besta í Evrópu af hinu virta hönnunar- og arkitektúrtímariti Blueprint.

Brynjar hlýtur vegleg verðlaun. Þeirra á meðal er styrkur upp á 5000 evrur til að hanna hlut fyrir Gallerí Kreó í París sem hefur alþjóðlegan einkarétt á sýningu nokkurra þekktra ljósa sem framleidd hafa verið í takmörkuðu upplagi. **- mmf / sjá Allt**

Fimmtán ára strákur slasaðist:

Festi hönd í marningsvél

SLYS Fimmtán ára drengur slasaðist í fiskvinnslunni Nöf í Vestmannaeyjum í gærmorgun þegar hann festi hægri hönd í marningsvél.

Samstarfsmaður hans náði að stöðva vélina, en höndin var ansi illa farin. Drengurinn var fluttur á sjúkrahús í Vestmannaeyjum til aðhlynningar og síðan til frekari rannsókna á Landspítalanum í Reykjavík.

Marningsvélar eru fiskvinnsluvélar sem taka við afskurði. Þær fjarlægja allt hold af beinum, roði og öðrum fiskafgöngum.

Krefjast skaðabóta vegna brota ríkisins

Sjómennirnir sem dæmdir voru fyrir að veiða kvótalausir knýja á viðbrögð innanríkisráðherra við áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

MANNRÉTTINDAMÁL Erlingur Sveinn Haraldsson og Örn Snævar Sveinsson, sem hafa upp á vasann álit frá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um að íslenska ríkið hafi brotið á þeim með því að dæma þá fyrir að veiða án kvóta, sendu Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra bréf í þessum mánuði þar sem þess er krafist að ríkið bregðist við þessu áliti. Í því felst að ríkið viðurkenni að það sé skaðabótaskylt gagnvart tvímenningunum og að núverandi fiskveiðikerfi verði lagt af eins og það er.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

„Ég hef formlega gert grein fyrir þeirra máli í ríkisstjórn en er að öðru leyti með málið til skoðunar í ráðuneytinu,“ segir Ögmundur. Hann segist einnig hafa rætt við tvímenningana og Lúðvík Kaaber, lögmann þeirra. „Ég mun á einhvern hátt bregðast við þeirra erindi,“ bætir hann við en segir ómögulegt að segja til um það nú hvenær eða með hvaða hætti það verði. Hann segir þó að óskin um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu samræmist stefnu ríkisstjórnarinnar um að tryggja jafnræði varðandi atvinnuréttindi.

GEFST EKKI UPP ÞÓ Á MÓTI BLÁSI Örn Snævar Sveinsson segir þá tvímenninga ekki ætla að leyfa ríkinu að humma málið fram af sér. MYND/EYÞÓR

Örn Snævar sagðist hafa verið bjartsýnn um að ríkið brygðist við þegar Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafði gefið út álit sitt. Þegar í ljós kom að svo var ekki stefndu þeir félagar ríkinu fyrir héraðsdóm og síðan til Hæstaréttar en á báðum stigum var málinu vísað frá. Örn Snævar segir þá afgreiðslu hafa verið þunnan þrettánda. „Þeirri spurningu, hvort íslenska ríkið ætti ekki að fara eftir alþjóðlegum sáttmálum sem það hefði skrifað undir, svaraði Hæstiréttur á þann veg að það væri lögfræðilegt atriði sem ekki yrði tekið til umfjöllunar að þessu sinni,“ segir hann. „Ef Hæstiréttur vill ekki skera úr um lögfræðileg atriði hver á þá að gera það?“ spyr hann á móti. Hann segir enn fremur að þeir tvímenningar séu staðráðnir í því að láta málið ekki daga uppi.

Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur segir hins vegar að staða þeirra sé afar erfið ef þeir una ekki þeirri niðurstöðu sem ríkið kemst að. „Ef ríkið hefur einbeittan brotavilja þá getum við borgararnir lítið gert,“ segir hann. „Það er ekkert yfirvald fyrir ofan hið fullvalda ríki sem getur þvingað það til að fara að lögum.“

jse@frettabladid.is

Lestarslys í austur Kína:

Þrjátíu og fimm létu lífið

SLYS Minnst þrjátíu og fimm manns létu lífið í lestarslysi sem varð í austurhluta Kína á laugardag.

Lest hafði stöðvast á teinum vegna bilunar af völdum eldingar. Slysið varð er önnur lest ók inn í hlið hennar með þeim afleiðingum að tveir lestarvagnar féllu fram af brú.

Yfir tvö hundruð manns slösuðust við áreksturinn og voru fluttir á spítala. Lestarkerfið í Kína hefur áður verið gagnrýnt vegna öryggismála eftir röð óhappa og slysa. **- sm**

GUNNAR ÞORSTEINSSON Gunnar mætti til yfirheyrslu hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Krossmálinu formlega lokið:

Öllum kærum var vísað frá

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á máli Gunnars Þorsteinssonar, fyrrverandi forstöðumanns Krossins, er lokið. Öllum kærum á hendur Gunnari var vísað frá.

Sjö konur lögðu fram kærur til lögreglu í mars síðastliðnum. Konurnar sökuðu Gunnar um að hafa áreitt sig kynferðislega á meðan þær voru aðilar í Krossinum þar sem hann var forstöðumaður. Hann hefur ætíð neitað sök.

Í samtali við fréttastofu Vísis sagði Gunnar að lok málsins marki nýtt upphaf í hans lífi. **- sv**

Verið er að reisa varanlegt 90 milljóna króna svið á Þjóðhátíðarsvæðinu:

Ekki bara fyrir Þjóðhátíð

MANNLÍF „Við viljum meina að þetta sé fyrsta varanlega útisviðið á Íslandi,“ segir Tryggvi Már Sæmundsson framkvæmdastjóri ÍBV, en verið er að klára annan áfanga af þremur við mikið svið í Herjólfsdal. Það verður tekið í notkun nú á komandi Þjóðhátíð.

Sviðið sjálft er í þriggja metra hæð en þak þess er í tíu og hálfs metra hæð. Undir sviðinu er síðan salernisaðstaða, sjoppa og aðstaða fyrir starfsfólk.

Tryggvi Már segir menn síður en svo fyllast sviðsskrekk við þessi býsn heldur séu menn stórhuga og hyggist reyna að fá erlenda tónlistarmenn til að koma fram þarna í framtíðinni og að meiningin sé að nota sviðið ekki einungis á Þjóðhátíð.

Sviðið kostar 90 milljónir og verður gert í þremur áföngum en þeim síðasta verður lokið á næsta ári.

SVIÐIÐ GERT KLÁRT Eflaust munu einhverjir fá sviðsskrekk er þeir stíga á svið á Þjóðhátíðinni í ár. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Þá verður komin aðstaða fyrir tónlistarmenn við hlið sviðsins sjálfs. Einnig verður þá þakið tyrft svo það falli sem best að umhverfinu.

Hann segir enn fremur að undirbúningurinn fyrir Þjóðhátíðina gangi vel. „Reyndar er svo mikið af ferðamönnum í bænum að við þurftum að líta á dagatalið um síðustu helgi því það var engu líkara en hátíðin væri gengin í garð,“ segir hann.

Búið er að útvega lunda sem boðið verður upp á að fornum sið en hann kemur að norðan þar sem fátt er um fagurgogginn í Eyjum í ár. **- jse**

Garðhúsgögn
sem endast

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við

Útsala Útsala Útsala

REYNSLA Á ÍSLANDI 30 ára REYNSLA Á ÍSLANDI

Ein endingarbestu garðhúsgögn sem völ er á

Garðhúsgögn á pallinn eða í sólstofuna



Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375

www.valhusgogn.is

HRYÐJUVERKAÁRÁS Í NOREGI

Forsætisráðherra Noregs:

Erum til staðar fyrir ykkur

Hvert dauðsfall er harmleikur og saman eru dauðsföllin öll þjóðarharmleikur, sagði Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, í ávarpi í minningarathöfn í dómkirkjunni í Ósló í gær.

Stoltenberg var viðstaddur minningarathöfnina ásamt norsku konungshjónunum. Dómkirkjan var full af fólki auk þess sem mikill fjöldi var fyrir utan hana í allan gærdag.

Forsætisráðherrann minntist hinna látnu og sagði ekki aðeins allan Noreg, heldur allan heiminn, deila sorg þeirra sem hafa misst einhvern nákominn sér. „Allir þurfa stuðning og huggun á sínum myrkustu stundum. Nú eru ykkar myrkustu stundir. Ég vil að þið vitið að við erum til staðar fyrir ykkur.“ - þeb

FULLT ÚT ÚR DYRUM Minningarathöfn var haldin í stafkirkjunni í Vestmannaeyjum. Margir stóðu úti á meðan athöfnin fór fram. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Minningarathafnir á Íslandi:

Íslendingar sýna samhug

Fórnarlamba árásanna í Noregi var minnst víða um land í gær.

Fjölmennt var við messu í Dómkirkjunni í gær og flutti Dag Wernö Holter, sendiherra Noregs hér á landi, ávarp og sagði að árásunum hefði verið beint gegn grunngildum norsks samfélags.

Margmenni sótti einnig minningarathöfn í stafkirkjunni í Vestmannaeyjum í gær. Fjöldi fólks stóð fyrir utan kirkjuna á meðan á athöfninni stóð þrátt fyrir vonskuveður. Kirkjan var gjöf frá Norðmönnum í tilefni þúsund ára afmælis kristinnar trúar á Íslandi.

Kertafleyting fór fram við Reykjavíkurtjörn á laugardag til að sýna Norðmönnum samstöðu. Athöfnin var skipulögð af ungum jafnaðarmönnum og lauk henni með mínútu þögn. - sm

LEITA SKJÓLS Norskir sérsveitarmenn ganga á land í Útey á meðan ungmenni leita skjóls. Enn er leitað að fórnarlömbum í vatninu kringum eyna, en 46 er saknað. Lögreglan hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa verið sein að bregðast við árásinni í eynni. NORDICPHOTOS/AFP

Notaði kúlur sem springa inni í fólki

Fjöldi látinna eftir hryðjuverkin í Noregi fer hækkandi og enn er fólks saknað. Morðinginn notaði kúlur sem springa inni í fólki til að valda mestum skaða. Hann fer fyrir dómara í dag og vill opin réttarhöld til að skýra mál sitt.

Níutíu og þrír hið minnsta eru látnir eftir hryðjuverkaárásirnar í Noregi á föstudag. Fjölda er enn saknað og 96 manns eru særðir.

Lögregla hefur yfirheyrt Anders Behring Breivik um helgina og hefur hann játað að hafa staðið fyrir sprengjuárásinni í Ósló og skotárásinni í Útey. Hann segist hafa verið einn að verki en lögreglan kannar nú hvort það sé rétt. Breivik hefur ekki viðurkennt að hafa brotið lög með árásunum og sagði þær hafa verið grimmilegar en nauðsynlegar.

Lögregla gerði húsleit í úthverfi Óslóar í gærmorgun og handtók nokkra. Fólkinu var þó sleppt að loknum yfirheyrslum og fannst ekkert grunsamlegt við húsleitina.

Mörg fórnarlambanna eru á spítala, misalvarlega særð. Þrjátíu eru sárir eftir sprengjuárásina í Ósló og 66 eftir skotárásina í Útey. Tuga er saknað, en í gærkvöldi var greint frá því að 46 væri saknað í Útey. Þá eru lík í byggingum sem urðu fyrir sprengingunni í Ósló en þær eru ekki nógu öruggar til að farið sé inn í þær strax.

Yfirlæknir á ríkisspítalanum í Hønefoss hefur sagt frá því að morðinginn hafi notað byssukúlur sem springa inni í líkömum fólks og valdi þannig enn meiri skaða.

Grunaði að ekki væri allt með felldu

Norskir fjölmiðlar hafa greint frá því að Monica Bøsei, sem var yfirmaður sumarbúðanna í Útey, hafi líklega komið í veg fyrir enn fleiri morð í eyjunni. Hún var í bátnum sem flutti ódæðismanninn í eyjuna. Hún spurði hann talsvert um sprenginguna í Ósló og sjónarvotturinn Hákon Sandbakken segir að hana hafi líklega grunað að ekki væri allt með felldu. Þegar í eyjuna var komið fór hún í aðalhús eyjunnar og ræddi þar við lögreglumanninn sem gætti öryggis. Breivik sá það og skaut þau bæði. Þau voru því fyrstu fórnarlömb hans þar. Norskir miðlar segja að þetta samtal þeirra gæti hafa komið í veg fyrir enn frekari ódæði vegna þess að það truflaði ódæðismanninn Breivik, en sprengiefni fannst þar sem fyrstu fórnarlömbin voru myrt. Jens Stoltenberg forsætisráðherra minntist Monicu sérstaklega í ræðu sinni í gær.

Margir íbúar og ferðamenn sem dvöldu í nágrenni eyjunnar fóru á bátum að henni til að bjarga ungmennum úr vatninu. Margir hverjir björguðu tugum þaðan, jafnvel eftir að lögreglan hafði skipað fólki að halda sig fjarri.

Kúlurnar eru léttari en aðrar og með þeim er hægt að skjóta fólk með meiri nákvæmni. Þær gerðu honum því kleift að vera með enn meira magn af kúlum.

Gagnrýnt hefur verið hversu langan tíma það tók lögregluna að komast í eyjuna. Farið var á bílum og svo á bát en ekki á þyrlu. Lögreglan hefur útskýrt að þyrlur hennar séu aðeins ætlaðar til eftirlits og ekki mögulegt að nota þær. Herinn búi hins vegar yfir þyrlum sem hægt hefði verið að nota, en þær voru staðsettar of langt í burtu.

Greint var frá því í Dagbladet gær að lögreglumaður í Ósló var meðal þeirra sem dóu í Útey. Hann var öryggisvörður á eyjunni þessa helgi í frítíma sínum og var því óvopnaður. Hann tók á móti bátnum sem morðinginn kom í til eyjarinnar og var líklega með fyrstu fórnarlömbunum.

Breivik verður leiddur fyrir dómara í dag þar sem hann verður ákærður fyrir hryðjuverk. Hámarksrefsing samkvæmt norskum lögum er 21 ár. Lögfræðingur hans hefur sagt að hann vilji opin réttarhöld svo hann geti útskýrt gjörðir sínar.

thorunn@frettabladid.is

Atburðarásin á föstudag

- 13.00
- 13.05
- 13.10
- 13.15
- 13.20
- **13.22** Sprengja, sem komið hafði verið fyrir í Volkswagen Crafter-bíl, sprakk fyrir utan stjórnarbyggingar í miðborg Óslóar. Eldur kviknaði í skrifstofum forsætisráðherra og í olíu- og orkumálaráðuneytinu. Margar fleiri byggingar skemmdust og glerbrotum rigndi niður á stóru svæði.
- 13.25
- **13.26** Fyrsta tilkynning um sprenginguna til lögreglunnar. Tveimur mínútum síðar var fyrsti lögreglubíllinn kominn á staðinn. Strax bárust fréttir af dauðsföllum.
- 13.30
- 13.35
- 13.40
- 13.45
- 13.50
- 13.55
- **13.58** Staðfest að forsætisráðherrann Jens Stoltenberg og aðrir ráðherrar hafi ekki orðið fyrir sprengjuárásinni.
- 14.00
- 14.05
- 14.10
- 14.15
- 14.20
- 14.25
- 14.30
- 14.35 Lögregla í Nyrðri-Buskerud fær tilkynningu um skothvelli í Útey. Þremur mínútum síðar var lögreglan í Ósló látin vita. Mikil skelfing greip um sig á eyjunni og ungmenni reyndu að fela sig og margir lögðust til sunds til að reyna að flýja.
- 14.40
- 14.45
- 14.50
- 14.55
- 15.00
- 15.05
- 15.10
- 15.15
- 15.20
- 15.25
- **15.27** Lögreglulið frá Ósló leggur af stað í átt að Útey.
- 15.30
- 15.35
- **15.38** Lögreglulið frá Ósló kemur að bryggjunni þaðan sem hægt er að sigla í eyjuna, en þarf að bíða eftir báti sem getur flutt það á staðinn.
- 15.40
- 15.45
- 15.50
- 15.55
- 16.00
- 16.05
- **16.09** Lögregla kemur í eyjuna.
- 16.10
- 16.15
- 16.20
- **16.25** Anders Behring Breivik er handtekinn. Hann hafði í fórum sínum tvö skotvopn og nóg af skotum.
- **16.27**
- 16.30

HÓPKAUP.IS Í DAG

Risa morgunmatur á Prikinu

690 kr. GILDIR 24 TÍMA

Verð	Afsláttur	Afsláttur í kr.
~~1.590 kr.~~	57%	900 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

Risa morgunmatur á Prikinu: Vörubíll með eggjum og beikoni, amerískum pönnukökum, sírópi og steiktum kartöflum.

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

HVESSIR Á MORGUN Róleg-heit í dag en á morgun hvessir til kvölds. 13-18 m/s SV-til seint á morgun. Væta vestan til og rigning sunnan og vestan til annað kvöld og á miðvikudag. Nokkuð bjart N- og A- lands á morgun og á miðvikudag.



HEIMURINN

Alicante	29°
Basel	24°
Berlín	20°
Billund	21°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	24°
London	22°
Mallorca	28°
New York	28°
Orlando	33°
Ósló	20°
París	25°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

3,7 L/100 KM

*M.V. LANGKEYRSLU

MEGANE

NÝR RENAULT MEGANE

VERÐ **3.490 ÞÚS KR. DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR**

ENNEMM / SÍA / NM47116

www.renault.is

P
FRÍTT Í STÆÐI!

CO_2 ÚTBLÁSTUR 109 G/KM er það lægsta sem þekkist í sjálfskiptum dísilbíl í þessum stærðarflokki. Nýr Renault Megane III með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra EDC sjálfskiptingunni er einhver sparneytnasti bíll sem völ er á. Hann er meðal annars búinn stöðugleikastýringu og spólvörn (ESP), skriðstilli (cruise control), loftkælingu, 16” álfelgum og er með aðgerðahnappa fyrir hljómtæki í stýrinu. KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG KYNNTU ÞÉR ÞENNAN FRÁBÆRA BÍL.

RENAULT

B&L OG INGVAR HELGASON Sævarhöfða 2, sími 525 8000

HRYÐJUVERKAÁRÁS Í NOREGI

Forseti Íslands og borgarstjóri votta samúð sína:

Býður fram aðstoð

JÓN GNARR

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Forseti Íslands sendi samúðarkveðjur til Noregskonungs og norsku þjóðarinnar og lýsti djúpri samúð allra Íslendinga vegna árásarinnar í Ósló og á Útey.

Í kveðjunni kom jafnframt fram að Íslendingar hafi beðið fyrir norsku þjóðinni í sunnudagsmessu í Reykholtskirkju.

Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, hefur að auki sent borgarstjóra Óslóar og sendiherra Noregs á Íslandi, Dag Vernø Holter, samúðarkveðjur og boðið fram alla þá aðstoð sem gæti mögulega komið að gagni. Borgarstjórinn tók fram að vinátta Reykjavíkurborgar og Óslóar eigi sér langa hefð og stöðug og náin samskipti séu á milli borganna tveggja. - sm

Íslenskir læknar kallaðir á vakt í Noregi:

Allir læknar kallaðir á vakt á föstudag

Gísli Bergmann, svæfinga- og gjörgæslulæknir hjá Ríkissjúkrahúsinu í Ósló, hafði nýlokið vakt er sprengingin varð í miðborg Óslóar. Hann segir fólk enn slegið eftir atburðinn.

„Ég var á fundi þegar sprengingin varð. Við heyrðum hvell og rúðurnar sem sneru í átt að miðbænum hristust. Í fyrstu héldum við þetta vera þrumu en vorum þó flest sammála um að hvellurinn hafi frekar hljómað eins og sprenging. Stuttu seinna fengum við fréttirnar og þá var sett af stað stórslysaáætlun og voru allir læknar kallaðir inn á vakt," segir Gísli. Hann stóð vaktina fram á næsta morgun en flestir hinna særðu voru fluttir á annað sjúkrahús í borginni. Gísli segir daglegt starf á spítalanum ekki enn komið í eðlilegt horf en að tiltölulega lítið sé að gera miðað við aðstæður.

Sólrún Björk Rúnarsdóttir, læknir í Noregi, var einnig kölluð á vakt er stórslysaáætlunin var sett í gang. Hún segir átta einstaklinga hafa verið flutta á sjúkrahúsið en hún hafi sjálf ekki tekið á móti neinum þeirra. „Manni brá að sjálfsögðu þegar maður heyrði af þessu. Andrúmsloftið sem ríkir hér þessa stundina er mjög sérstakt," segir hún. - sm

BÚGARÐUR BREIVIKS Anders Breivik átti búgarð og rak þar fyrirtækið Breivik Geofarm. Hann keypti sex tonn af áburði á búgarðinn og notaði í sprengjuna í Ósló.

Breivik var í baráttu gegn fjölmenningu

Norski ódæðismaðurinn Anders Breivik telur samfélagið sjúkt vegna fjölmenningarstefnu stjórnvalda. Í yfirlýsingu nefnir hann að á Íslandi séu 322 svikarar sem eigi að berjast gegn. Hann vildi gera árás á norska samfélagsgerð.

Anders Behring Breivik er 32 ára gamall. Hann er með leyfi fyrir skambyssu, haglabyssu og fullkomnum riffli sem hann notaði til að skjóta 84 ungmenni og einn lögreglumann á Útey.

Í stefnuskrá Breiviks segir að vestræn samfélög séu sýkt vegna fjölmenningarstefnu. Linka stjórnvalda hafi eyðilagt hrein og tær vestræn samfélög og berjast verði gegn áhrifum íslam.

Hann nefnir Ísland nokkrum sinnum í plagginu, en telur þó ástand mála hér skárra en í mörgum öðrum löndum, ekki síst vegna þess hve þjóðernissinnaðir Íslendingar séu í raun. Engu að síður séu hér á landi 322 aðilar sem hann kallar svikara. Þeim verði að berjast gegn.

Breivik telur að ef ekkert verði að gert muni múslimum í vestrænum samfélögum fjölga og við því verði að sporna. Samkvæmt útreikningum hans verða 24 prósent Íslendinga múslimar árið 2070 verði ekkert að gert. Hvernig hann fær það út er óljóst, en ljóst er að söguþekking Breiviks er ekki upp á marga fiska. Hann talar til að mynda um árás íslamskra ræningja hér á landi á 19. öld, en óvíst er í hvaða atburð hann er þar að vísa.

Hann krefst þess að stjórnvöld í vestrænum ríkjum hætti að berjast gegn sveitum skoðanabræðra hans. Þeir eigi að fá að vopnast og koma sér upp skipulögðum her. Til þess fái þeir aðgang að ríkisreknum fjölmiðlum. Verði það ekki gert hótar hann baráttu gegn ríkjunum.

Breivik telur að 0,1 prósent íbúa sé reiðubúið til baráttunnar. Þannig telur hann að hér á landi séu 319 aðilar sem þannig er ástatt um. Ísland er þó ekki talið í mikilli hættu samkvæmt skoðunum ódæðismannsins og hættan metin lítil hér. Verst telur hann ástandið í Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi, Hollandi, Belgíu og Svíþjóð. Hættuna í heimalandi sínu metur hann mikla.

Breivik var meðlimur í Framfaraflokknum en sagði sig úr honum fyrir nokkrum árum. Hann rak búgarð undir nafninu Breivik Geofarm. Í gegnum hann keypti hann 6 tonn af áburði sem hann notaði til að búa til sprengjuna sem varð sjö að bana í Ósló. Fjölmargir særðust í sprengingunni.

Breivik vitnar oft til frímúrara og birtir í stefnuskrá sinni myndir af sér í fullum skrúða sem slíkur. Þá vitnar hann til krossferðanna og notar meðal annars merki musterisriddara á forsíðu yfirlýsingarinnar.

Ódæðismaðurinn var menntaður í markaðsfræðum. Hann ólst upp hjá móður sinni eftir skilnað foreldranna.

Á twitter-síðu Breiviks er aðeins að finna eina tilvitnun í John Stuart Mills: „Ein manneskja með hugsjón er jafn öflug hundrað þúsundum sem aðeins hafa áhuga."

kolbeinn@frettabladid.is

BREIVIK Barátta gegn fjölmenningu og áhrifum íslam er áberandi í stefnuskrá ódæðismannsins Breiviks.

Unabomber

THEODORE KACZYNSKI

Langir kaflar í yfirlýsingu Breivik eru samhljóða stenuskrá Theodore Kaczynski, sem þekktur er sem Unabomber. Hann sendi sextán bréfasprengjur á árunum 1978 til 1995 sem urðu þremur að bana og særðu fjölda manns.

Kaczynski gaf út ítarlegt pólitískt manifesto þar sem hann útskýrði hugmyndafræði sína. Hann hvatti til byltingar á heimsvísu gegn neikvæðum afleiðingum nútímavæðingar samfélagsins. Hann skilgreindi óvininn sem vinstrimenn og taldi að berjast þyrfti gegn hugmyndafræði þeirra. Breivik gerði þær breytingar á textanum að nota orðin fjölmenningarstefna og menningarkommúnisti í stað hinna tveggja fyrrnefndu. Þá notar hann orðið múslimar í stað orðsins svartir á nokkrum stöðum.

SUMARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

SUMARDAGAR

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþægindaþ?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða landsþekkta bygging brann til kaldra kola á föstudag?*

2 *Hver var tekinn í samfélag Harley-manna í Flórída?*

3 *Hvað nefnist eyjan þar sem skotárásin í Noregi átti sér stað?*

SVÖR:

1. Eden. 2. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. 3. Utey(ja

Ríkissaksóknari ákærir mann fyrir að smygla fíkniefnum með Goðafossi:

Með amfetamín í aftursætinu

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært þrjátíu og sex ára karlmann fyrir að reyna að smygla tæplega fjórum kílóum af amfetamíni til landsins.

Maðurinn er ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 13. júní 2011 staðið að ólögmætum innflutningi á 3.843 grömmum af amfetamíni, ætluðu til sölu. Hann tók á móti fíkniefnunum frá óþekktum aðila í Rotterdam í Hollandi mánudaginn 6. júní 2011 og flutti þau til landsins með flutningaskipinu Goðafossi og notfærði sér þar með aðstöðu sína sem háseti á skipinu. Eftir að skipið lagði að bryggju í Reykjavík að kvöldi hins 13. júní bar hann fíkniefnin í land og setti þau í aftursæti bifreiðar þar sem lögregla fann þau skömmu síðar við leit.

Þá er maðurinn ákærður fyrir umferðarlagabrot. Honum er gefið að sök að hafa í sama skipti og eftir að hann hafði komið efnunum fyrir í bifreiðinni ekið henni án þess að hafa gild ökuréttindi.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. - jss

GOÐAFOSS Maðurinn var skipverji á Goðafossi.

Breytingar í Vestmannaeyjum:

Bjóða út rekstur leikskóla

VESTMANNAEYJAR Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum fyrir helgi að bjóða út rekstur á leikskólanum Sóla. Bæjarstjórn felur fræðslu- og menningarráði að annast útboðið en til að gæta sérstaklega að faglegum forsendum útboðs beinir bæjarstjórn því til ráðsins að stofnaður verði stýrihópur sem leiða skuli útboðið. Þetta kemur fram á vefnum Eyjar.net.

Útboðið var samþykkt með fimm atkvæðum en tveir bæjarfulltrúar sátu hjá. - kh

Sagður hafa logið:

Mörgum spurningum ósvarað

BRETLAND, AP James Murdoch, sonur fjölmiðlakóngsins Ruperts Murdoch, er sagður hafa sagt ósatt í yfirheyrslu hjá breskri þingnefnd í síðustu viku þegar hann sagðist ekki hafa vitað af tölvupósti, þar sem fullyrt var að einn blaðamanna hans hafi stundað símanjósnir.

Tveir menn hafa sagt Murdoch yngri fara með ósannindi, en þeir eru Tom Crone, fyrrverandi lögfræðiráðgjafi og Colin Myler, fyrrverandi ritstjóri. Tom Watson, þingmaður Verkamannaflokksins, segir nauðsynlegt að komast að því hvort feðgarnir hafi vitað meira en þeir sögðu. - gb

Bilun hjá Icelandair:

Flugvél varð fyrir eldingu

SAMGÖNGUR Eldingu laust niður í flugvél Icelandair rétt áður en hún lenti á flugvelli í París á laugardaginn. Sjö aðrar flugvélar fengu í sig eldingu þessum slóðum sama dag.

„Þessar vélar eru gerðar til þess að taka á móti eldingum og það gerist annað slagið og í sjálfu sér engin hætta á ferðum," segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Við svokallaða eldingaskoðun kom í ljós smávægileg bilun í ratsjárbúnaði vélarinnar og var hún send í viðgerð ásamt öðrum vélum sem urðu fyrir eldingu. Seinkun varð á flugi félagsins frá París vegna þessa, en þar sem ljóst var að skoðunin tæki tíma var ákveðið að senda aðra vél til borgarinnar síðdegis á laugardaginn, en hún kom með farþega til landsins í gær.

Ungmennin þéna vel í fiskvinnslunni

83 ungmenni starfa hjá HB Granda í Reykjavík. Margir koma til vinnu á leigubíl. Þeir sem vinna tólf tíma vaktir geta þénað 400 þúsund krónur á mánuði.

SJÁVARÚTVEGUR Ákvörðun Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í maí síðastliðnum um að auka karfakvótann um tíu þúsund tonn hefur heldur betur haft áhrif á líf 83 ungmenna sem nú þéna allt að fjögur hundruð þúsund á mánuði í landvinnslunni hjá HB Granda í Reykjavík.

BERGUR EINARSSON

Margir þeirra koma á leigubíl, sem HB Grandi greiðir.

Ungmennin eru á aldrinum 15 til 18 ára. Unnið er á tvenns konar vöktum; frá átta til fjögur og frá sex til sex. Þeir sem vinna þessar tólf tíma vaktir þéna tæplega 400 þúsund krónur á mánuði, að sögn Bergs Einarssonar, verkstjóra í landvinnslunni. Hann segir að ákvörðun ráðherrans varðandi karfakvótann hafi gert HB Granda það kleift að ráða ungmennin til þessara sumarstarfa. Þau taka þó ekki aðeins á rauðu roði því þau verka einnig ufsa.

„Ég veit að einhverjir eru að skipuleggja ferð til Rómar og aðrir til London, enda ekkert sem stendur í vegi fyrir því eftir svona sumarhýru," segir hann. Hann segir ennfremur að 99 prósent ungmennanna séu harðduglegt starfsfólk. Kannski eins gott því í síðustu viku voru tæplega 570 tonn af karfa og ufsa unnin í fiskiðjuverinu í Norðurgarði í Reykjavík sem er met.

ÞÚSUND UFSAR Á FÆRIBANDINU ÞOKAST NÆR Hér eru þau Hjörleifur Guðjónsson, systir hans Aðalheiður Guðjónsdóttir og Ólöf Sigurðardóttir að slægja ufsa. Aðalheiður, sem er MR-ingur, segir sumarhýruna duga allan veturinn. MYND/STEFÁN

Aðalheiður Guðjónsdóttir, sem er átján ára fiskvinnslukona, segir það ekkert mál að standa tólf tíma vaktir. „Ég hafði heyrt af þessu hjá félögum í skólanum svo ég ákvað að prófa í fyrra og ég kunni bara afskaplega vel við þetta svo ég ákvað að koma aftur í sumar," segir hún. Aðalheiður stundar nám í Menntaskólanum í Reykjavík og segir að þar séu nemendur alls ekkert of snobbaðir fyrir fiskvinnslu. „MR-ingum finnst þetta bara flott og ekki versnar það þegar ég segi frá launununum," segir hún.

Á Akranesi vinna um 30 ungmenni í markíl og ber Þröstur Reynisson, vinnslustjóri landvinnslu þar, þeim vel söguna. Eins er HG Grandi með flokk ungmenna í vinnu í starfstöð sinni á Vopnafirði.

jse@frettabladid.is

MÓTMÆLT Druslugöngum er beint gegn þeirri skoðun að klæðaburður geti kallað á nauðgun. Ábyrgðin sé alltaf gerandans. MYND/STÖÐ 2

Fjölmenni í druslugöngu:

Druslugöngur á fjórum stöðum

SAMFÉLAGSMÁL Druslugöngur voru haldnar í Reykjavík, á Akureyri, Ísafirði og í Reykjanesbæ á laugardag. Göngurnar heppnuðust vel og sagði María Lilja Þrastardóttir, einn skipuleggjenda göngunnar í Reykjavík, í samtali við Stöð 2, að hún væri hrærð yfir góðri þátttöku í höfuðborginni. „Íslendingar eru mjög hugsandi og þeir ætla ekki að láta þetta viðgangast."

Druslugöngum er beint gegn þeim fordómum sem sjá má í umræðum um klæðaburð og ástand brotaþola í kynferðisbrotamálum. Fyrirmyndin er ganga sem farin var í Toronto eftir ummæli lögreglustjóra borgarinnar um að konur þyrftu að forðast að klæðast sem druslur til að verða ekki nauðgað. Með göngunni er áréttað að ábyrgð á nauðgun er ætíð á herðum gerandans. - kóp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Rólegt á Bræðslunni

Um tvö þúsund manns heimsóttu Borgarfjörð eystri um helgina en þar var haldin tónlistarhátíðin Bræðslan. Þetta var í sjötta skiptið sem hátíðin er haldin. Að sögn lögreglunnar fór hátíðin vel fram.

Betri þjónusta í Vörðunni

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavini Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Á HÓTEL EDDU ERU FYRSTA FLOKKS VEITINGASTAÐIR SEM LEGGJA SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ MATREIÐA ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI. Í SUMAR TÖFRUM VIÐ MEÐAL ANNARS FRAM GÓMSÆTA LAMBAKJÖTSRÉTTI ALLAN HRINGINN.

NJÓTTU AFURÐA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU Á HÓTEL EDDU Í SUMAR!

BROSANDI ALLAN HRINGINN

13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Lambakjöt
LAMBAKJOT.IS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðbrögð við hryðjuverkunum:

Með kærleika gegn hatri

Sorgin yfir fórnarlömbum hryðjuverkanna í Noregi lamar norsku þjóðina. Nágrannaþjóðirnar kenna hennar einnig sárt. Ef farið er út meðal fólks eða rennt yfir þanka íslenskra netverja sést glöggt hversu ofarlega voðaverkin eru í hugum fólks.

Við höfum verið á það minnt hversu mikið ógnarafl getur falist í hatri. Ummælin sem lögmaður hryðjuverkamannsins hefur eftir honum um að voðaverkin hafi verið grimm en nauðsynleg eru lýsandi fyrir það hvert blint hatur getur leitt huga fólks.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Myndin af manni sem lifir og hrærist í öfgafullum hugmyndaheimi, að einhverju leyti í samfélagi við skoðanabræður en að einhverju leyti einn, er smám saman að skýrast.

Hann segist vera hægrimaður og kristinn en er þó fyrst og fremst maður sem hatar. Hann er á móti stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda, hann er á móti íslam, hann er á móti samkynhneigðum og hann er á móti kvenréttindum. Hann er heiftúðugt á móti flestum þeim gildum sem þróast hafa í evrópskum og þá ekki síst norrænum lýðræðisríkjum undanfarna áratugi, gildum sem norrænt fólk er alla jafna stolt af og telur til marks um opið samfélag, víðsýni og lýðræði.

Það er einföldun að kalla manninn fjöldamorðingja þótt vissulega sé hann það. Hann er nefnilega fyrst og fremst hryðjuverkamaður, maður sem hefur pólitíska sýn sem hann notar til að færa rök fyrir ódæði sínu.

Hryðjuverkamaðurinn hatar hugmyndina um samfélag þar sem allir njóta virðingar óháð uppruna sínum, kyni, kynhneigð, fötlun og áfram mætti telja, samfélag sem mörgum þykir vera of langt undan meðan hryðjuverkamanninum þótti þróunin í átt til þess vera komin allt of langt. Þess vegna beindust aðgerðir hans að ungliðum Verkamannaflokksins.

Norski forsætisráðherrann hefur svarað hryðjuverkamanninum með þeim eina hætti sem hægt er og skynsamlegt er að svara. „Ef einn maður getur alið með sér svo mikið hatur, hugsið ykkur þá hversu mikinn kærleik við getum sýnt öll saman," sagði Jens Stoltenberg í ræðu sinni við minningarguðsþjónustu í dómkirkju Óslóarborgar í gærmorgun. Ummælin hafði hann eftir stúlku úr ungliðahreyfingu norska verkamannaflokksins en þau höfðu fallið í viðtali við sjónvarpsstöðina CNN.

Í áhrifaríkri ræðu sinni ítrekaði Stoltenberg einnig að tilræðinu yrði mætt með lýðræði, með opinni umræðu og með mannúð. Þannig leggur forsætisráðherra Noregs áherslu á að mæta ekki hatri með hatri heldur þvert á móti með því að styrkja enn frekar þau grunngildi sem ráðið hafa ferð í norsku samfélagi fram til þessa.

Við búum í samfélagi sem rúmar ólíkar skoðanir. Það er mikilvægt að viðhalda þeim eiginleika. Lykilatriði þar er að hlusta á og bera virðingu fyrir skoðunum annarra en ekki úthúða þeim sem andstæðar skoðanir hafa. Það er mikilvægt að næra kærleikann en ekki hatrið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hræfuglahvíslið

Pólitíkin tekur stundum á sig skrítnar myndir og í ati og átökum leyfa menn sér oft ýmislegt sem þeim aldrei dytti í hug í öðrum samskiptum. Netið hefur opnað fjölbreyttari vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri án nokkurrar yfirlegu og fyrir vikið opna netskrifin oft sýn á hliðar hjá fólki sem maður hefði ekki viljað sjá. Það hefur til að mynda verið dapurlegt að fá að kynnast hugsanagangi höfunda á AMX í kjölfar hinna hræðilegu atburða í Noregi. Á meðan sómakært fólk hryllir sig yfir tíðindunum sjá þeir sér leik á borði og nota hörmungarnar til að koma skotum á pólitíska andstæðinga sína, svo sem Össur Skarphéðinsson. Smáfugla kalla þeir sig, hræfuglar eru þeir.



Fyrirvararnir

Stjórnlagaráð hefur kynnt drög að stjórnarskrá og óhætt er að segja að sitt sýnist hverjum um þau. Ljóst er að um málamiðlun ráðsmanna er að ræða, en engu að síður vekur athygli hve mikið er um fyrirvara. Þetta og hitt á að vera svona eða hinsegin, nema í ákveðnum tilfellum.

Dýrin í skóginum

Plaggið inniheldur ýmislegt gott og þarft, en margt af því er þó þess eðlis að erfitt er að sjá hvaða erindi það á í stjórnarskrá. Oftar en ekki er um að ræða fallegar hugsjónir um að allir eigi að vera góðir við alla; að öll dýrin í skóginum eigi að vera vinir. Þá koma hins vegar fyrirvararnir, þannig að vinátta dýranna er háð skilgreiningu á því hvað telst dýr og hve mörg tré þarf til að kominn sé skógur.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Björgum þeim frá hræðilegri martröð

Hungursneyð

Ban Ki-moon
framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Hungur ríkir á austurodda Afríku. Allt hefur lagst á eitt; átök, hátt matarverð og þurrkar með þeim afleiðingum að ellefu milljónir manna líða alvarlegan skort.

Viðvörunarbjöllurnar hringja og við getum ekki látið sem ekkert sé. Á hverjum degi fæ ég átakanlegar skýrslur frá fólki Sameinuðu þjóðanna sem er á staðnum. Búfénaður og geitur sómalískra flóttamanna er dauður úr þorsta og fólkið gengur vikum saman til að leita hjálpar í Keníu og Eþíópíu. Munaðarleysingjar koma einir; vannærðir og óttaslegnir – foreldrarnir látnir.

Við heyrum hræðilegar sögur frá Sómalíu af fjölskyldum sem hafa þurft að horfa upp á börn sín deyja eitt af öðru. Ein konan birtist nýlega í búðum Sameinuðu þjóðanna fyrir uppflosnað fólk, um 140 kílómetra fyrir sunnan Mógadisjú. Hún átti þriggja vikna ferð, fótgangandi, að baki. Halima Omar frá Shebelle-héraði var eitt sinn talin vel stæð. Í dag eftir þriggja ára þurrk rétt skrimtir hún. Fjögur af sex börnum hennar eru látin. „Það er ekkert verra en að horfa á barn sitt deyja vegna þess að maður getur ekki fætt það," segir hún um eldraun sína. „Ég er að missa alla von."

Við spyrjum okkur: hvernig stendur á því að þetta gerist enn á ný? Þegar öllu er á botninn hvolft er nægur matur í heiminum. Jú, vissulega eru erfiðir tímar víða um heim, en samt sem áður höfum við alltaf frá aldaöðli svarað því kalli að koma nauðstöddum meðbræðrum okkar til hjálpar, jafnvel þegar verst hefur árað.

Af þessum sökum leita ég til ykkar í dag og bið ykkur að rétta Sómalíu hjálparhönd nú þegar neyðin er stærst. Til þess að bjarga því fólki sem er í lífshættu – að langmestu leyti konum og börnum – þurfum við 1,6 milljarða Bandaríkjadala aðstoð. Hingað til hefur aðeins tekist að afla helmings þessa fjár.

Halima Omar hin sómalíska sagði við okkur: „Kannski eru þetta örlög okkar, en kannski gerist kraftaverk og okkur verður bjargað frá þessari martröð."

Ég get ekki sætt mig við að þetta séu örlög hennar. Við skulum í sameiningu bjarga henni og löndum hennar frá þessari hræðilegu martröð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

„Við“ og „hinir“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Við erum auðvitað misjafnlega félagslynd en okkur er það samt flestum eiginlegt að vilja lifa í samfélagi við aðra menn; við höfum þörf fyrir félagsskap, samkennd, samvinnu – og speglun. Við erum forvitið dýr, reiðubúin að leggja ýmislegt á okkur til að nálgast fólk sem hefur annan bakgrunn, menningarlegan og félagslegan og spegla okkur í því sem er líkt og ólíkt; okkur er tamt að leita þess sem sameinar fremur en sundrar. Þetta er frumkennd: maðurinn er samvinnudýr.

Önnur frumkennd er tortryggni – ótti við það sem við þekkjum ekki. Við erum móttækileg fyrir þeirri hugmynd fá. Þess vegna er reynt að sporna við hatursáróðri sem beinist að minnihlutahópum svokölluðum, menningarlegum eða etnískum. Hatursfull orðræða getur orðið eins og mengun í menningunni.

Slíkt viðnám jafngildir ekki ritskoðun, við hljótum sífellt að standa vörð um tjáningarfrelsi og réttinn til að láta í ljós skoðanir sem ganga í berhögg við hugmyndir fjöldans – mikil ósköp – en aðalatriðið er þó þetta: við eigum að vanda okkur. Sérhver sá sem elur markvisst á hatri í opinberri umræðu – reynir að espa fremur en róa, höfðar til röklausra kennda fremur en skynsemi – leggur sitt af mörkum til að skapa jarðveg fyrir ódæði af því tagi sem framið var í Útey.

Ódæðismaðurinn þar var rugludallur af því tagi sem rausa á netinu. Hann gekk hins vegar skrefinu lengra. Hann var ekki á valdi hugdettunnar, þetta var ekki hvatvís brjálæðingur á valdi annarlegra hughrifa: maðurinn var níu ár að undirbúa sig. Þetta var kristinn hryðjuverkamaður í herferð gegn femínisma, Evrópusambandinu, múslimum, hnattvæðingu, fjölmenningu, umhverfisvernd, fjölmiðlum og marxisma. Holdtekjur alls þessa virðist hann hafa séð í ungliðahreyfingu norska Verkamannaflokksins.

> Ódæðismaðurinn þar var rugludallur af því tagi sem rausa á netinu. Hann gekk hins vegar skrefinu lengra.

Illgresi

Við getum ekki afgreitt þennan mann sem einangrað tilvik; að hér hafi verið á ferð geðsjúklingur. Það er einum of þægilegt og auk þess rangt gagnvart geðveiku fólki að setja slíka ógnvalda í flokk með því; ekki gerðum við það þegar al-kaída-menn réðust á Bandaríkin. Úteyjar-morðinginn var augljóslega uppfullur af röngum og hættulegum hugmyndum en þær hugmyndir voru ekki grasserandi í kollinum á honum einum heldur hafa þær náð að skjóta rótum æ víðar á Norðurlöndum.

Það er ekki sanngjarnt að tengja manninn fyrst og fremst við hefðbundna hægri stefnu eða íhaldssemi. Hægri flokkar á Norðurlöndum aðhyllast markaðslausnir í ríkari mæli en vinstri flokkarnir – trúa á kapítalisma – og vilja gera einstaklingshyggju hærra undir höfði. En kapítalisminn er ekki þjóðhollur og vill engin landamæri heldur frjálst flæði fjármagns og vinnuafls. Um þetta snýst hægri stefna norrænu flokkanna en ekki útlendingahatur og þjóðernisöfgar. Slíkar hugmyndir stríða gegn þeirri gömlu 19. aldar frjálshyggju sem hefðbundnir hægri flokkar byggja stefnu sína á – og raunar vinstri flokkarnir líka.

Á seinni árum hefur ótti, tortryggni og útlendingahatur náð að festa rætur á Norðurlöndum; gælur við nasisma og annan hugmyndalegan óþverra hafa orðið sífellt meira áberandi, firrur á borð við kynþáttahatur hafa öðlast lögmæti í opinberri umræðu fyrir tilverknað flokka á jaðrinum sem nærast á ótta fólks við menningu „hinna“.

Anders Behring Breivik er kristinn öfgamaður, af sama tagi og islamskir öfgamenn. Hann á sér þann menningarlega og etníska bakgrunn að einhver kynni að vilja skilgreina hann sem einn af „okkur“. Ekkert er fjær sanni. Nær væri að kenna hann við al-kaída því að þeir eru sömu megin og hann í stríðinu gegn almenningi, gegn okkur sem erum ljós og dökk, feit, mjó, vinstri sinnuð, hægri sinnuð, trúuð, vantrúuð, hress, fúl, rík, blönk, uppi, niðri, hér, þar og alls staðar: fólk. Þessir vígamenn gnísta tönnum og urra um hina einu réttu aðferð við að vera manneskja; hið eina rétta þjóðerni, hinn eina sanna guð, hina réttu hugmynd: þeim er um megn að stunda samræður, sem er aðferð hins opna þjóðfélags við að komast að niðurstöðum. Þeir hatast við málfrelsi annarra, hata lýðræðið, hata fólk. Og hverra máli sem þeir þykjast tala, hvaða málstað sem þeir taka upp, hvernig sem þeir líta út, ljóshærðir, dökkhærðir, sköllóttir, og í hvaða búning sem þeir kunna að klæða sig og hugmyndir sínar þá eru það þessir menn sem eru alltaf og ævinlega hinir einu sönnu „hinir“.

Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2011

Álagningu opinberra gjalda á árinu 2011, sem og ákvörðun vaxtaniðurgreiðslu, vaxta- og barnabóta, er lokið vegna þeirra einstaklinga sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

SÝND Í DISNEY DIGITAL 3D Í VÖLDUM KVIKMYNDAHÚSUM
Með íslensku og ensku tali.
Arion banki Toy Story stuttmyndin Hawaiian Vacation sýnd á undan Cars 2

STÆRSTA MYND ÁRSINS
„KRAFTMIKILL LOKAHNYKKUR“ ★★★★ KA. - FBL
„MÖGNUÐ ENDALOK“ ★★★★ HSS. - MBL
Harry Potter
SJÁÐU LOKAKAFLAN Í 3D


Barna Bíó TRANSFORMERS

FROM WRITER/DIRECTOR J.J. ABRAMS STEVEN SPIELBERG SUPER 8



SAMmiði ÁLFABAKKA

BÍLAR 2 M/ísl. tali	Sýnd í 3D kl. 3 - 5.30	L
BÍLAR 2 M/ísl. tali	Sýnd í 2D kl. 3	L
CARS 2 textalaus	Sýnd í 3D kl. 8	12
HARRY POTTER	Sýnd í 3D kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.40	12
HARRY POTTER	Sýnd í 2D kl. 6.40 - 9.30	VIP
HARRY POTTER LÚXUS VIP	Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40	12
TRANSFORMERS 3	Sýnd í 3D kl. 10.30	12
TRANSFORMERS 3	Sýnd í 2D kl. 8	12
SUPER 8	kl. 10:20	12
THE HANGOVER 2	kl. 8	L
KUNG FU PANDA 2 M/ísl. tali	Sýnd í 2D kl. 3 - 5.30	10
PIRATES OF THE CARRIBEAN 4	Sýnd í 2D kl. 5.10	

SAMmiði AKUREYRI

BÍLAR 2 M/ísl. tali (3D)	kl. 5:40	L
HARRY POTTER (3D)	kl. 8 - 10:40	12
HARRY POTTER (2D)	kl. 5:20	12
TRANSFORMERS 3 (2D)	kl. 8 - 10:40	12

SAMmiði KEFLAVÍK

CARS 2 DIGITAL-3D m/ensku tali	kl. 8	L
HARRY POTTER 7 DIGITAL-3D	kl. 10:10	12
HARRY POTTER 7 2D	kl. 8	12

SAMmiði EGILSHÖLL

HARRY POTTER 3D	kl. 5:30 - 8 - 9:15 - 10:45	12
TRANSFORMERS 3 3D	kl. 6 - 8 - 10:30	12
SUPER 8	kl. 11	12
BÍLAR 2 ísl tal 3D	kl. 5:30	L
CARS 2 ens tal 3D	kl. 8	L
KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D	kl. 5:30	L

SAMmiði KRINGLUNNI

BÍLAR 2 M/ísl. tali	Sýnd í 3D kl. 5.30	L
CARS 2 textalaus	Sýnd í 3D kl. 8 - 10.30	L
HARRY POTTER	Sýnd í 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40	12
BEASTLY	kl. 6 - 10:20	10
SUPER 8	kl. 8	12

SAMmiði SELFOSS

HARRY POTTER	kl. 8 - 10.40	12
CARS 2 m/ ensku tali	kl. 8 - 10.30	L

tryggðu þér miða á SAMbio.is

FJÖLSKYLDAN MÆTT Steindi ásamt Ástu systur sinni. Hún er eflaust stolt af bróður sínum, sem er orðinn einn vinsælasti skemmtikraftur landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

BRANSASAGAN SKRIFUÐ Í PARTÍI STEINDANS OKKAR

Steindi Jr. og samstarfsmenn hans buðu í partí á Austri á föstudagskvöld til að fagna útgáfu plötunnar Án djóks samt djók. Margt var um manninn og á meðal þeirra sem tróðu upp var Bjartmar Guðlaugsson. Hann tilkynnti gestum áður en hann renndi í slagarana að hann væri pabbi Steinda.

GOTT GRÍN Emmsjé Gauti, Siggi Palli og Hulda virtust skemmta sér konunglega.

FJÖR Taktsmiðurinn Intro Beats, Egill og Elva Dögg voru hrikalega hress.

ÁN DJÓKS Karen Ósk og Viðir létu sig að sjálfsögðu ekki vanta.

Angelina Jolie öfundsjúk

Brad Pitt hefur ítrekað sést í fylgd með konu úr tökuliði kvikmyndarinnar World War Z og hefur það valdið vangaveltum um ástand sambands hans og Angelinu Jolie.

Myndir hafa náðst af Pitt og óþekktu starfsstúlkunni við ólík tækifæri og samkvæmt OK! Magazine hefur Jolie sett sig upp á móti vinskapnum. „Brad er ekki hrifinn af því þegar Angelina reynir að stjórna honum og segja honum við hvern hann megi tala. Hann sagði hreint út við hana: „Ég hef alltaf átt vinkonur og mun alltaf eiga vinkonur.“ Hann endaði vinskap sinn og leikkonunnar Catherine Keener vegna Angelinu og hann ætlar ekki að leyfa henni að ráða aftur,“ var haft eftir innanbúðarmanni sem heldur því einnig fram að Jolie sé þjökuð af lágu sjálfsmati þrátt fyrir að vera ein fallegasta kona heims.

„Brad mundi aldrei viðurkenna það, en hann nýtur þess þegar Angelina verður afbrýðisöm. Yfirleitt er hún mjög afslöppuð og með mikið jafnaðargeð og sýnir ekki miklar tilfinningar. Honum finnst þetta vera tákn um að hún elski hann enn þá og hann hefur gaman af því.“

ÖFUNDSJÚK JOLIE Angelina Jolie er sögð afbrýðisöm vegna sambands Brads Pitt og samstarfskonu hans. NORDICPHOTOS/GETTY

BÍÓ★PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

KAREN MILLEN
Kringlan og Smáralind

útsala
enn meiri lækkun

70% afsláttur
af All Saints vörum og öðrum vörum

SAINTS
SAINTS Kringlunni | 517-3890

WAREHOUSE

WAREHOUSE
KRINGLAN

sport

sport@frettabladid.is

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR samdi óvænt við kvennalið Vals um helgina. Samningurinn gildir út þessa leiktíð. Hólmfríður fékk sig lausa frá félagi sínu, Philadelphia Independence. Bandaríska liðið vill samt fá hana aftur á næstu leiktíð og sjálf stefnir Hólmfríður á að fara aftur út eftir sumarið.

KR 4-0 Breiðablik

KR-völlur, áhorf.: 2.050 — Valgeir Valgeirsson (7)

1-0 Guðjón Baldvinsson (2.)
2-0 Skúli Jón Friðgeirsson (26.)
3-0 Óskar Örn Hauksson (42.)
4-0 Kjartan H. Finnbogason, víti (71.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17–10 (9–2)
Varin skot	Hannes 2 – Ingvar 5
Horn	9–8
Aukaspyrnur fengnar	10–9
Rangstöður	2–3

KR 4–3–3		BREIÐA. 4–3–3	
Hannes Halldórsson	8	Ingvar Kale	5
Magnús Lúðvíksson	7	Jökull Elísabetarson	4
Skúli Friðgeirsson	7	Arnór Aðalsteinsson	4
Grétar Sigurðarson	6	Kári Ársælsson	4
***Guðm. Gunnars.**	**8**	Kristinn Jónsson	6
(76., Egill Jónsson	-)	Finnur Margeirsson	4
Bjarni Guðjónsson	8	Guðmundur Kristján.	5
(57., Björn Jónsson	5)	(62., Þórður Hreiða.	5)
Viktor B. Arnarsson	7	Kristinn Steindórsson	5
(76., Gunnar Gunna.	-)	Tómas Óli Garðars.	4
Baldur Sigurðsson	7	(26., Arnar Björgv.	4)
Kjartan Finnbogason	5	Rafn Andri Haralds.	4
Óskar Örn Hauksson	7	Dylan McAllister	6
Guðjón Baldvinsson	7		

**Maður leiksins*

Grindavík 1-4 Fylkir

Grindavíkurv., áhorf.: 561 — Vilhjálmur Þórarinsson (7)

1-0 Robbie Winters (6.)
1-1 Ingimundur Óskarsson, víti (51.)
1-2 Andrés Már Jóhannesson (55.)
1-3 Andri Þór Jónsson (75.)
1-4 Tómas Joð Þorsteinsson (85.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	3–11 (1–7)
Varin skot	Óskar 3 – Fjalar 0
Horn	2–8
Aukaspyrnur fengnar	8–9
Rangstöður	1–1

GRIND. 4–3–3		FYLKIR 4–3–3	
Óskar Pétursson	5	Fjalar Þorgeirsson	5
Matthías Friðriksson	5	Andri Þór Jónsson	6
Ólafur Ö. Bjarnason	4	Kristján Valdimars.	4
Jamie McCunnie	3	(71. Þórir Hannesson	-)
Bogi R. Einarsson	5	Davíð Ásbjörnsson	5
Orri Freyr Hjaltalín	3	Kjartan Breiðdal	7
Jóhann Helgason	6	Ásgeir B. Ásgeirsson	6
Paul McShane	4	Andrés Jóhannesson	7
(88., Guðm. Bjarna.	-)	(88., Trausti Ríkhar.	-)
Scott Ramsay	5	***Tómas Þorsteins.**	**8**
Óli Baldur Bjarnason	5	Ingimundur Óskars.	6
Robbie Winters	5	Andri Hermanns.	4
(76., Magnús Björg.	-)	(54., Jóhann Þórh.	6)
		Albert Ingason	5

**Maður leiksins*

Stjarnan 2-3 Keflavík

Stjörnuvöllur, áhorf.: 832 — Þóroddur Hjaltalín (7)

1-0 Baldvin Sturluson (19.)
1-1 Einar Orri Einarsson (20.)
1-2 Magnús Þórir Matthíasson (50.)
2-2 Halldór Orri Björnsson, víti (56.)
2-3 Hilmar Geir Eiðsson (81.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13–7 (8–5)
Varin skot	Ingvar 2 – Ómar 6
Horn	8–2
Aukaspyrnur fengnar	10–11
Rangstöður	2–1

STJARN. 4–3–3		KEFLAV. 4–3–3	
Ingvar Jónsson	5	Ómar Jóhannsson	6
Jóhann Laxdal	6	Guðjón Antoníusson	5
Tryggvi Bjarnason	5	Adam Larsson	6
Nikolaj Pedersen	5	Haraldur Guðmunds.	7
Hörður Árnason	4	Viktor Hafsteinsson	5
(71., Hafsteinn Helg.	-)	Andri St. Birgisson	6
Daníel Laxdal	7	Einar O. Einarsson	6
(85., Atli Jóhanns.	-)	Arnór Traustason	5
Baldvin Sturluson	4	(78., Magnús Þór M.	-)
Halldór O. Björnsson	4	***Hilmar Eiðsson**	**8**
Jesper Jensen	5	Magnús Matthíasson	6
Garðar Jóhannsson	4	(70., Magnús Þorst.	5)
Ellert Hreinsson	4	Guðmundur Steinars.	5
		(85., Bojan Ljubicic	-)

**Maður leiksins*

SVONA Á AÐ FAGNA SÖGULEGUM ÁFANGA Skúli Jón Friðgeirsson lék sinn 200. leik fyrir meistaraflokk KR í gær og hélt upp á það með því að skora. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KR-ingar með yfirburði

KR valtaði yfir Íslandsmeistara Breiðabliks í gær. KR-ingar léku við hvern sinn fingur og kláruðu meistara strax í fyrri hálfleik. Þór vann síðan stórsigur á Víkingi í fyrsta leik Víkings undir stjórn Bjarnólfs Lárussonar.

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Breiðabliks virkuðu baráttuglaðir fyrstu mínútuna á KR-vellinum í gærkvöldi. Þeir pressuðu KR-inga og virtust ætla að senda þau skilaboð að heimamenn myndu ekki fá neinn tíma með boltann í leiknum. Óhætt er að segja að skilaboðin hafi ekki komist til skila.

Einbeitingarleysi heimamanna í föstum leikatriðum í fyrri hálfleik urðu Blikum að falli. Fyrsta markið kom strax á annarri mínútu þegar Guðjón Baldvinsson skoraði eftir hornspyrnu og Skúli Jón Friðgeirsson skoraði keimlíkt mark um miðjan hálfleikinn. Klaufalegt mark Óskars Arnar beint úr hornspyrnu undir lok fyrri hálfleiks gerði útslagið og leik í raun lokið í hálfleik.

Blikar söknuðu greinilega Elfars Freys í föstum leikatriðum í gær. Rúnar Kristinsson þjálfari KR sagði KR-inga þó ekki hafa lagt áherslu á að nýta sér fjarveru hans.

„Við erum gríðarlega sterkir í föstum leikatriðum og leggjum áherslu á það eins og ýmislegt annað í okkar leik. Þau gefa okkur mörk í dag sem mér hefur fundist vanta í sumar. Heppnin var með okkur en við erum viljugir og graðir. Það gaf okkur þessi mörk," sagði Rúnar.

KR-ingar bættu við einu marki í síðari hálfleik úr vítaspyrnu og sigurinn aldrei í hættu. KR á enn eftir að hiksta og allir að standa fyrir sínu á vellinum. Þó bar Guðmundur Reynir Gunnarsson af á vellinum og átti enn einn stórleikinn. Hann hefur verið orðaður við atvinnumennsku að undanförnu.

„Það var eitthvað í gangi með Brann en ég hef ekkert heyrt frá þeim. Við sjáum til hvað gerist," sagði Guðmundur Reynir.

Blikar voru flestir andlega fjarverandi í leiknum og fjölmiðlamenn þurftu að bíða ansi lengi eftir leikmönnum og þjálfara að leik loknum. Eflaust ýmislegt sem þurfti að ræða í búningsklefanum eftir svona leik.

Jakkaföt Bjarnólfs breyttu engu

Víkingar stefna beinustu leið niður í 1. deildina ef fram heldur sem horfir. Þrátt fyrir að fá nýjan mann í brúna til að hleypa lífi í andlaust liðið breytti það engu og ferskir og góðir Þórsarar gengu á lagið, unnu 6-1 sigur og niðurlægðu Víkinga.

Það var ótrúlegt að sjá að nýr þjálfari virtist engu breyta, leikmenn voru sofandi nánast allan tímann og áttu skilið að fá þessa flengingu. Kannski veitir ekki af henni til að vekja liðið en þjálfaraskiptin hefðu átt að vera leikmönnum víti til varnaðar. Þór er nú sjö stigum á undan Víkingum sem eru í fallsæti.

„Þetta sýnir hvar við erum staddir í dag. Við höfum aðeins fengið þrjá daga til að koma okkar hlutum í kring og við munum halda því áfram núna. Það er augljóslega mikið verk fyrir höndum," sagði Bjarnólfur Lárusson, þjálfari Víkings.

- ktd, hþh

Þór 6-1 Víkingur

Þórsvöllur, áhorf.: ? — Guðmundur Guðmunds. (7)

1-0 Ármann Pétur Ævarsson (10.)
2-0 David Disztl (35.)
3-0 David Disztl (39.)
3-1 Viktor Jónsson (46.)
4-1 Sveinn Elías Jónsson (53.)
5-1 Clark Keltie, víti (90.+3)
6-1 Ragnar Hauksson (90.+4)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–3 (9–1)
Varin skot	Srdjan 0 – Magnús 3
Horn	7–3
Aukaspyrnur fengnar	14–10
Rangstöður	5–4

ÞÓR 4–3–3		VÍKING. 4–3–3	
Srdjan Rajkovic	6	Magnús Þormar	2
Gísli Páll Helgason	7	Kristinn Bjartmars.	3
(70., Baldvin Ólafs.	5)	Mark Rutgers	3
Þorsteinn Ingason	6	Gunnar Einarsson	3
Janez Vrenko	6	Sigurður Lárusson	2
Ingi Freyr Hilmarsson	6	(64., Sigurjón Bjarn.	4)
Clark Keltie	7	Kristinn Magnússon	3
Ármann P. Ævarsson	7	Denis Abdulahi	3
Gunnar Guðmunds.	7	Walter Hjaltested	4
(81., Kristján Magn.	-)	Viktor Jónsson	5
***David Disztl**	**8**	Magnús P. Gunnars.	3
(74., Ragnar Hauks.	-)	Marteinn Briem	4
Sveinn Elías Jónsson	7	(84., Pétur Markan	-)
Sigurður Kristjáns.	7		

**Maður leiksins*

Fram 0-2 ÍBV

Laugardalsv., áhorf.: 839 — Magnús Þórisson (5)

0-1 Andri Ólafsson, víti (36.)
0-2 Þórarinn Ingi Valdimarsson (77.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5–15 (3–9)
Varin skot	Ögmundur 7 – Abel 3
Horn	6–7
Aukaspyrnur fengnar	12–12
Rangstöður	1–1

FRAM 4–3–3		ÍBV 4–3–3	
Ögmundur Kristins.	7	Abel Dhaira	6
Allan Lowing	5	Kelvin Mellor	5
Kristján Hauksson	4	(41., Arnór Ólafsson	5)
Hlynur Magnússon	3	Rasmus Christiansen	6
(61., Jón Ólafsson	5)	Eiður Sigurbjörnsson	5
Sam Tillen	6	Matt Garner	7
Halldór H. Jónsson	4	Tony Mawejje	7
Jón G. Eysteinsson	5	Andri Ólafsson	6
Almarr Ormarsson	4	***Finnur Ólafsson**	**8**
(61., Andri Júl.	5)	Guðm. Þórarinsson	5
Kristinn Halldórsson	7	Aaron Spear	5
Orri Gunnarsson	6	(66., Þórarinn Vald.	7)
(61., Hólmbert Friðj.	7)	Tryggvi Guðmunds.	7
Steven Lennon	5	(87., Yngvi Borgþ.	-)

**Maður leiksins*

Framarar töpuðu enn einum leiknum í gær og Keflavík vann Stjörnuna í afar fjörugum leik í Garðabænum:

Fallfnykur af Frömurum og Keflavík sterkt

FÓTBOLTI Framarar tóku á móti ÍBV í 12. umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. Níu sæti og 13 stig skildu liðin tvö að fyrir leikinn í gærkvöldi. Munurinn á liðunum kom líka berlega í ljós í leiknum og voru gestirnir fremri á flestum sviðum knattspyrnunnar.

Eflaust báru einhverjir Framarar þá von í brjósti að nú væri liðið komið á skrið eftir góðan sigur í síðustu umferð. Sú varð ekki raunin og skoruðu Eyjamenn 1 mark í hvorum hálfleik. Andri Ólafsson skoraði af vítapunktinum á 36. mínútu og varamaðurinn Þórarinn Ingi Valdimarsson innsiglaði 0-2 sigur á 77. mínútu. Eyjamenn sýndu þó engan glansleik en gerðu það sem þeir þurftu til þess að innbyrða stigin þrjú.

Þorvaldur Örlygsson var mjög óánægður með frammistöðu sinna manna.

„Mér fannst þetta arfaslakt frá upphafi til enda. Ég veit vel að strákarnir geta sýnt miklu betri spilamennsku en þetta, örlítið líf færðist í leik okkar við skiptingarnar en svo kom uppgjöf í þetta eftir að þeir skora seinna markið. Það er samt sem áður nóg eftir af mótinu eða heilir tíu leikir og það þýðir ekkert að hætta að berjast í þessu."

FAGNAÐ Keflvíkingar fagna í Garðabænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spurður hvort hann væri byrjaður að íhuga stöðu sína sem þjálfari hafði Þorvaldur þetta að segja. „ Ég hef ekkert íhugað stöðu mína sem þjálfari ég er í ánægjulegu starfi og ætla að halda því áfram."

Karakter í Keflavík

„Menn náttúrulega vinna ekki leiki með því að gefa þrjú mörk á heimavelli," sagði súr og eðlilega svekktur Halldór Orri Björnsson, leikmaður Stjörnunnar, eftir að lið hans hafði tapað 3-2 gegn Keflavík í Pepsi-deildinni í gær.

Stjörnumenn voru betri í fyrri hálfleik og þeir heimtuðu víti þegar Haraldur Freyr Guðmundsson, fyrirliði Keflavíkur, nánast greip boltann en Þóroddur Hjaltalín, annars góður dómari leiksins, dæmdi hins vegar aukaspyrnu á Stjörnuna.

Keflvíkingar brunuðu upp völlinn og skoruðu eftir klaufagang hjá Ingvari í marki Stjörnunnar. En vítið kom. „Ómar tekur hann niður og hann er algjörlega aftasti maður. Þetta er alveg eins og hjá Alberti Sævars um daginn. Hann fékk rautt. Fyrst hann flautaði þá verður hann að reka Ómar út af," bætti Halldór Orri við. Halldór skoraði úr vítinu af fagmennsku. Vippaði glæsilega í mitt markið.

Menn hættu að spila fótbolta og það þurfti klassískan Guðmund Steinarsson til að búa til mark. Og það sigurmark. Hann átti frábæra sendingu inn í teiginn þar sem Hilmar Geir Eiðsson skoraði.

„Ofsalegur liðsheildar- og karaktersigur enda er andinn í Keflavíkurliðinu mjög sterkur. Það er öflugt þetta Keflavíkur hjarta," sagði Willum Þór Þórsson, en hann lagði leikinn hárrétt upp og ef einhver ætti að vera maður gærdagsins á Stjörnuvelli – þá er það þjálfarinn.

- ae, bbh

Axel Bóasson sýndi stáltaugar og lauk Íslandsmótinu með glæsilegum erni:

Búinn að bíða lengi eftir þeim stóra

GOLF Axel Bóasson úr Golfklúbbnum Keili sýndi snilldartakta á lokaholunni á Íslandsmótinu í höggleik í golfi sem lauk í gær á Hólmsvelli í Leiru. Axel lék sér að því að slá með 8-járni af um 180 metra færi í öðru höggi inn á flötina og setti hann púttið í fyrir erni og tryggði þar með sigurinn.

Hann lék lokahringinn á 74 höggum og samtals var hann á 2 höggum undir pari. Kristján Þór Einarsson úr Kili Mosfellsbæ varð annar þremur höggum á eftir Íslandsmeistaranum.

Alfreð Brynjar Kristinsson úr GKG, bróðir Íslandsmeistarans í kvennaflokknum, tryggði sér þriðja sætið í bráðabana gegn þeim Ólafi Má Sigurðssyni úr GÓ og Heiðari Davíð Bragasyni úr GÓ.

„Þetta er mikill árangur og ég er búinn að bíða lengi eftir að ná loksins stóra sigrinum," sagði Axel Bóasson en hann hefur alist upp við það að ættingar hans nái góðum árangri í golfinu. Björgvin Sigurbergsson, móðurbróðir Axels, hefur unnið þennan titil fjórum sinnum. „Maður hefur sogað í sig allar þessar sögur af titlum frá því ég var krakki og þetta er bara bikarinn sem maður er að sækjast eftir."

Axel viðurkennir að hann hafi aðeins verið farinn að efast um sjálfan sig á lokahringnum en góður fugl á 15. flöt breytti stemningunni.

„Þetta snýst bara um sálfræði á endasprettinum, halda haus, og spá ekki of mikið í hvað aðrir eru að gera. Ég datt aðeins í slíkar hugsanir, en eftir fuglinn á fimmtándu, þá breyttist allt til hans betra." Axel lagði grunninn að sigrinum með frábærum fyrsta hring þar sem hann jafnaði vallarmetið og lék á 65 höggum eða -7 við frábærar aðstæður.

- seth

TOLLERAÐUR Axel fékk létta flugferð eftir sigurinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FRÁBÆR Ólafía Þórunn fagnar sætum sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ólafía Þórunn langbest:

Vildi ekki fá annað silfur

GOLF „Þrotlausar æfingar skiluðu þessum titli og ég var ekkert sérstaklega ánægð með að enda í öðru sæti í fyrra á þessu móti. Það var ekki sú tilfinning sem ég vildi upplifa aftur," sagði Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr Golfklúbbi Reykjavíkur eftir að hún sigraði með nokkrum yfirburðum á Íslandsmótinu í höggleik á Hólmsvelli í Leiru í gær. Ólafía sýndi mikið öryggi í leik sínum en hún var um tíma með 15 högga forskot þegar langt var liðið á lokahringinn.

Samtals lék Ólafía á 296 höggum eða 8 höggum yfir pari en Ólafía lagði grunninn að sigrinum með frábæru skori á fyrstu þremur keppnisdögunum þar sem hún lék á 72, 70 og 74 höggum. Lokahringinn lék hún á 80 höggum.

„Ég ætlaði bara að vera yfirveguð á þessum lokahring og fá sem flest pör, en það var erfitt í þessum aðstæðum," bætti Ólafía við en þetta er í fyrsta sinn sem hún vinnur þennan titil.

Tinna Jóhannsdóttir úr Keili, sem hafði titil að verja á þessu móti, náði sér á strik á lokahringnum og lék á 74 höggum en það dugði ekki til og lék Tinna samtals á 305 höggum eða +17. Tinna byrjaði mótið af krafti og lék á 69 höggum á fyrsta hringnum en tveir hringir upp á 81 högg gerðu nánast út um vonir Tinnu um að verja titilinn.

Signý Arnórsdóttir úr GK varð þriðja á 310 höggum, Ingunn Gunnarsdóttir úr GKG varð þriðja á 311 og Valdís Þóra Jónsdóttir úr Leyni varð fjórða á 312 höggum.

Aðstæður voru mjög erfiðar á tveimur síðustu keppnisdögunum og fresta þurfti leik fram eftir morgni á lokadeginum vegna veðurs.

- seth

STAÐAN Í PEPSI-DEILD KARLA:

KR	**11**	**8**	**3**	**0**	**25-7**	**27**
Valur	11	7	2	2	16-6	23
ÍBV	**11**	**7**	**1**	**3**	**16-9**	**22**
Stjarnan	12	5	3	4	22-20	18
Fylkir	**12**	**5**	**3**	**4**	**20-21**	**18**
Keflavík	12	5	2	5	17-17	17
FH	**11**	**4**	**4**	**3**	**23-16**	**16**
Breiðablik	12	4	3	5	20-24	15
Þór	**12**	**4**	**2**	**6**	**17-23**	**14**
Grindavík	12	3	2	7	15-26	11
Víkingur	**12**	**1**	**4**	**7**	**9-22**	**7**
Fram	12	1	3	8	7-17	6

dagskrá

> John Travolta

„Ég mun leikstýra í framtíðinni en ég hef á tilfinningunni að það muni vera mjög takmarkað."

John Travolta leikur í sakamálamyndinni Lonely Hearts, sem er byggð á sönnum atburðum um ungt par sem framdi hvert morðið á fætur öðru án þess að nást af lögreglunni og er myndin sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM MEÐ ROBERT DOWNEY JR.

Pínlegt vídeókvöld

Ég var ein heima í síðustu viku og stalst til þess að leigja mér bíómynd í gegnum „Leiguna". Ég flakkaði vel og lengi á milli spennumynda, gamanmynda og hryllingsmynda en ákvað að lokum að leigja Due Date með þeim Robert Downey Jr. og Zach Galifianakis.

Í stuttu máli fjallar myndin um arkitektinn Peter Highman sem er á leið heim eftir vinnuferð. Eiginkona hans er ólétt og er það ósk hans að ná heim í tæka tíð fyrir fæðingu frumburðarins. Á flugvellinum rekst hann á leikarann Ethan Tremblay sem er á leið til Los Angeles og ætlar sér að verða sjónvarpsleikari. Kjánaskapur Trembley kemur þó mönnunum báðum í vandræði og er þeim vísað úr flugvélinni og að auki settir í flugbann. Mennirnir tveir ákveða í staðinn að keyra saman til Los Angeles og þá hefst ævintýrið.

Ég var búin að heyra ýmsa góða hluti um Due Date frá ólíkum aðilum og treysti því að um góða gamanmynd væri að ræða og ekki skemmdi hrifning mín á Downey Jr. heldur fyrir. Ég varð því fyrir gríðarlegum vonbrigðum þegar ég komst að því að myndin var alls ekkert fyndin heldur frekar pínleg og fyrirsjáanleg. Söguþráðurinn var þreyttur og húmorinn sömuleiðis og á endanum hraðspólaði ég mig í gegnum flest atriðin. Myndin minnti mig helst á húmorinn sem var gegnumgangandi í kvikmyndinni American Pie og ég var lítill aðdáandi þeirra mynda. Leiðinlegast þótti mér að sjá Downey Jr., þann góðan leikara, í svo leiðinlegu hlutverki. Ég get því ekki mælt með myndinni við ykkur, lesendur góðir og hvet ykkur þess í stað að flakka áfram um „leiguna" í leit að einhverju öðru sjónvarpsefni.

RÚV

16.05 Landinn (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Húrra fyrir Kela (34:52)
17.43 Mærin Mæja (24:52)
17.51 Artúr (4:20)
18.20 Táknmálsfréttir
18.30 Með okkar augum (3:6)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Gulli byggir (4:6) Gulli Helga húsasmiður hefur verið fenginn til þess að koma lagi á kjallara í 65 ára gömlu húsi í Reykjavík. Óþefur og ýmis konar skordýr hafa hrjáð þá sem kjallarinn hefur hýst um nokkurn tíma og greinilegt er að húsið er komið á tíma. Undir leiðsögn Gulla og fagmanna á hverju sviði vinna íbúar og eigendur húsnæðisins, ásamt vinum og ættingjum að breytingunum.
20.10 E-efni í matvælum – Litir (1:3) (E Numbers: An Edible Adventure) Bresk heimildaþáttaröð. Matarblaðamaðurinn Stefan Gates fjallar um E-efni í matvælum og kemst að forvitnilegum niðurstöðum.
21.10 Leitandinn (34:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlan Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Íslenski boltinn
23.15 Liðsaukinn (10:32) (Rejseholdet)
00.15 Fréttir (e)
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ

07.20 The Memory Keeper's Daughter
08.50 Pink Panther II
10.20 Wedding Daze
12.00 Pétur og kötturinn Brandur 2
14.00 Pink Panther II
16.00 Wedding Daze
18.00 Pétur og kötturinn Brandur 2
20.00 The Memory Keeper's Daughter
22.00 Lonely Hearts
00.00 Johnny Was
02.00 Walk Hard: The Dewey Cox Story

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors (76:175)
10.15 Smallville (10:22)
11.00 Hamingjan sanna (5:8)
11.45 Wipeout USA
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol (32:43)
13.45 American Idol (33:43)
15.30 ET Weekend
16.15 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (17:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 Two and a Half Men (4:24)
19.40 Modern Family (1:24)
20.05 Extreme Makeover: Home Edition (19:25)
20.50 Fairly Legal (8:10)
21.35 Nikita (19:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.
22.20 Weeds (3:13)
22.50 It's Always Sunny In Philadelphia (1:13)
23.10 The Middle (21:24)
23.35 Bones (17:23)
00.20 How I Met Your Mother (17:24)
00.45 Entourage (4:12)
01.15 Bored to death (7:8)
01.40 Right America: Feeling Wronged
02.25 Human Target (6:12)
03.10 CJ7
04.35 Fairly Legal (8:10)
05.15 The Simpsons (17:22)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Pepsi-mörkin
08.10 Pepsi-mörkin
15.35 F1: Við endamarkið Keppni helgarinnar í Formúlu 1-kappakstrinum krufin til mergjar.
16.05 KR - Breiðablik Útsending frá leik KR og Breiðabliks í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
17.55 Pepsi-mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
19.05 Símamótið Sýnt frá Símamótinu í Kópavogi þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru stelpur í 5., 6. og 7. flokki sem keppa á Símamótinu og sýna snilldartilþrif. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
19.45 FH - Valur Bein útsending frá leik FH og Vals í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
22.00 Pepsi-mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
23.10 Herminator Invitational 2011
23.55 FH - Valur
01.45 Pepsi mörkin

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Úrugvæ - Paragvæ Útsending frá úrslitaleiknum í Copa America 2011.
17.45 Premier League World Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
18.15 Perú - Venesúela Útsending frá leiknum um 3. sæti í Copa America 2011.
20.00 Úrugvæ - Paragvæ Útsending frá úrslitaleiknum í Copa America 2011.
21.50 Goals of the Season 2006/2007 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
22.45 Perú - Venesúela Útsending frá leiknum um 3. sæti í Copa America 2011.

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
17.20 Rachael Ray
18.00 Top Chef (9:15) (e)
18.55 Married Single Other (4:6) (e)
19.45 Will & Grace (15:27)
20.10 One Tree Hill (13:22)
20.55 Hawaii Five-O (21:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndnum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Sérsveitin verður að skakka leikinn þegar rannsóknarlögreglumaður frá New York kemur í heimsókn til að hefna sín á undirheimabaróni.
21.45 CSI: New York (6:22) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Örvæntingarfullir foreldrar leita sonar síns og rannsóknardeildin tekur málið upp.
22.35 The Good Wife (1:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu. Alicia Florrick er eiginkona og tveggja barna móðir sem þarf að leiða hugann frá niðurlægingunni sem hann hefur valdið henni og snýr aftur til lögfræðistarfa eftir að hafa einbeitt sér að fjölskyldunni í 13 ár og stutt við bakið á eiginmanninum, saksóknaranum Peter Florrick.
23.20 Californication (1:12) (e)
23.50 Law & Order: Criminal Intent (9:16) (e)
00.40 CSI (10:23) (e)
01.25 Hawaii Five-O (21:24) (e)
02.10 Will & Grace (15:27) (e)
02.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
08.10 RBC Canadian Open (4:4)
11.10 Golfing World
12.00 Golfing World
12.50 RBC Canadian Open (4:4)
15.55 Ryder Cup Official Film 1997
18.00 Golfing World
18.50 RBC Canadian Open (4:4)
22.00 Golfing World
22.50 Champions Tour - Highlights
23.45 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors
20.15 Ally McBeal (15:22) Ally leggst í sjálfsskoðun eftir að hafa boðið Victori á stefnumót. Fish, Raymond og Clair reka mál konu sem þarfnast líffæragjafar frá föður sínum sem situr inni fyrir að hafa myrt móður hennar.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 The Whole Truth (5:13) Nýtt og spennandi lögfræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og áköf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína.
22.35 Lie to Me (17:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra á vísindalegan hátt.
23.25 Damages (10:13)
00.10 Ally McBeal (15:22)
00.55 The Doctors (155:175)
01.35 Sjáðu
02.00 Fréttir Stöðvar 2
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
18.30 2 gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem gestastjórnandi fær til sín góðan gest.

ÍNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
20.30 Golf fyrir alla Golf spilað á Hamarsvelli.
21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands.
21.30 Eldhús meistaranna Grillað á þaki Panoramaice.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

Pantaðu fría
landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar

Graníthellur
fallegri, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallegri áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

sími 4 400 400
www.steypustodin.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45
Fairly Legal

Kate Reed hefur í nógu að snúast og nú þarf hún að fást við tvö erfið mál á sama tíma. Annars vegar er það deila um höfundarrétt á vinsælu lagi og hins vegar deila tveggja tölvuleikjaspilara.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit 0**9.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Með spjót í höfðinu **14.00** Fréttir **14.03** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir

16.05 Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá**18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Heimsmenning á hjara veraldar **20.00** Leynifélagið **20.30** Hefðarkettir og ræsisrottur **21.10** Úr kvæðum fyrri alda **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og glorúr **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.35 Fawlty Towers **11.05** Deal or No Deal **11.50** Deal or No Deal **12.25** Deal or No Deal **13.00** Fawlty Towers **13.30** ,Allo ,Allo! **13.55** ,Allo ,Allo! **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Deal or No Deal **16.05** Fawlty Towers **16.35** ,Allo ,Allo! **17.05** ,Allo ,Allo! **17.30** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.20** QI **00.50** Little Britain **01.20** My Family

DR 1

10.45 Kærlighed og kaos **11.15** Når dværgflodhesten går på barsel **11.45** Et rigtigt cirkusliv **12.15** Det Søde Sommerliv **12.45** Søren Ryge præsenterer **13.15** Merlin **14.00** Byggemand Bob **14.15** Hyrdehunden Molly **14.30** Villas vilde dyr **15.00** Miss Marple **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Kyst til kyst **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.35** Horisont Special **20.00** Inspector Rebus **21.10** Vore Venners Liv **22.10** Tilståelserne

NRK 1

09.00 Kokkekamp **09.30** Berlin, Berlin **09.55** VM svømming **11.55** Berlin, Berlin **12.20** Folk **12.50** Damenes detektivbyrå nr. 1 **13.45** Sommerfugler **14.35** Filmavisen **14.45** Svenske hemmeligheter **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 80-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Australias villmark **18.00** Tore på sporet **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Boardwalk Empire **21.10** Kveldsnytt **21.25** Poirot **22.55** Folk **23.25** Sport Jukeboks

svt1

11.00 En sång om glädje **11.30** Laila **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Det goda livet **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Konstdeckarna **17.15** K-märkt form **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Cleo **18.30** Det söta livet **19.00** Vem tror du att du är? **19.40** Semester, semester, semester **20.00** Flytta hemifrån **20.30** Hela apparaten - om teknikens världar **21.00** Damages

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

UMHVERFISÁHRIF
Veikindi
Streita
Ferðalög
Álag
Óreglulegt mataræði
VEIKJA VARNIR LÍKAMANS

LGG+
Bætir meltinguna og kemur jafnvægi á hana
Mikið mótstöðuafl
Fjölþætt varnarverkun
Stuðlar að vellíðan
STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

MARKVISS STYRKING:

LGG+ er styrkjandi dagskammtur sem hentar öllu fólki á öllum aldri. Regluleg neysla LGG+ er sjálfsögð forvörn þeirra sem láta sér annt um heilbrigði sitt og styrkir þá gegn innrásum margs konar óæskilegra örvera.

BYRJAÐU DAGINN MEÐ LGG+

Það getur tekið LGG+ einn mánuð að byggja upp gerlaflóruna og til að viðhalda hámarksáhrifum er mikilvægt að neyta þess daglega.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

visir

GOTT Á GRILLIÐ



„Best á grillið er lambalæri à la mamma og pabbi. Grillað í sumarbústað með birkilaufum og borið fram með Kjartanskartöflubátum, sætum kartöflum og rucola-salati. Namm namm.“

Jóhannes Kjartansson, grafískur hönnuður.

Nilli gengur til liðs við Týndu kynslóðina

„Okkur finnst mjög skemmtilegt að fá Nilla til liðs við okkur,“ segir Björn Bragi Arnarsson, annar af stjórnendum sjónvarpsþáttarins Týnda kynslóðin, sem hefur göngu sína á Stöð 2 í ágúst.

Hinn skeleggi Níels Thibaud Girerd, best þekktur sem Nilli, hefur gengið til liðs við Björn Braga og Þórunni Antoníu og verður þeim til aðstoðar í nýju þáttunum. Nilli byrjaði með vefþætti fyrir vikuritið Monitor á Mbl.is í fyrra í kjölfar viðtals við hann og tónlistarmanninn Berndsen á Iceland Airwaves. „Hann verður eins konar hjálparkokkur og fer í sérverkefni,“ segir Björn og bætir við að hann líti á Nilla sem son. Það kemur ekki á óvart þar sem Björn Bragi var ritstjóri Monitors og átti hugmyndina að þáttum Nilla í samstarfi við vikuritið.

Nafn þáttanna, Týnda kynslóðin, er vísun í frægt lag Bjartmars Guðlaugssonar, en það býr meira að baki að sögn Björns. „Mér finnst þetta skemmtilegt nafn,“ segir hann. „Þátturinn á að höfða til allra kynslóða og ég held að allar kynslóðir líti á sig sem týndu kynslóðina. Ekki bara ungt fólk í dag. Þetta er svolítið opið og létt nafn sem mér fannst viðeigandi fyrir það sem við ætlum að gera.“

Týnda kynslóðin verður, að sögn Björns Braga, skemmtiþáttur sem á að höfða til breiðs hóps. „Við verðum í opinni dagskrá á föstudagskvöldum og við viljum ná sem flestum að skjánum,“ segir hann. „Þetta verður blanda af spjallþætti og innslögum þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni.“

- afb

FRÍÐUR HÓPUR Björn Bragi, Þórunn Antonía og Nilli munu leiða saman hesta sína í nýjum skemmtiþætti.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og fram kom í Fréttablaðinu um helgina þá hefur Hilmar Björnsson verið ráðinn dagskrárstjóri Skjás eins. Hann er mikill reynslubolti, starfaði t.d. sem sjónvarpsstjóri Sýnar og Stöðvar 2 sports, en nú síðast var hann yfir Skjá golfi. Nú velta menn vöngum yfir hugsanlegum breytingum sem verða á dagskrá Skjás eins, en ýmislegt á eftir að koma í ljós í þeim efnum. Það er þó ljóst að Dyngjan, spjallþáttur Nadiu Katrínar Banine og **Bjarkar Eiðsdóttur**, heldur ekki áfram í vetur. Þá standa yfir viðræður við Sölva Tryggvason um þáttinn hans, sem hefur verið á dagskrá Skjás eins undanfarin ár.

Og meira af Skjá einum. Skemmtiþátturinn Ha? með **Sólmundi Hólm** og Jóhanni G. Jóhannssyni heldur áfram í ár, en leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir verður ekki áfram í hópnum. Óvíst er hver tekur við af henni eða hreinlega hvort einhver geri það. Þá verður matreiðsluþáttur Hrefnu Rósu Sætran ekki á dagskrá og er sú skýring gefin að hún sé á leiðinni í fæðingarorlof.

Það er þó einn þáttur sem virðist ætla að lifa að eilífu. Tölvuleikjaþátturinn Game TV heldur upp á tíu ára afmæli sitt í ár, en þeir **Sverrir Bergmann** og **Ólafur Þór Jóelsson** sjá um hann og virðast ætla að halda áfram um ókomna tíð.

- afb

GÓÐUR HÓPUR Hera Björk, Erpur Eyvindarson og Haffi Haff flytja Gay Pride-lagið í ár sem nefnist Finnum ástina. Hera er ánægð með samstarfið og segir Erp ljúfari en lamb.

HERA BJÖRK: BOÐSKAPURINN ER ÁSTIN, RÓMANTÍKIN OG GLEÐIN

Hera, Erpur og Haffi Haff saman í Gay Pride-laginu

„Erpur er ljúfari en lamb. Það á nú yfirleitt við um svona pörupilta. Þeir eru alltaf mjög ljúfir í samstarfi,“ segir söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir um samstarfið við rapparann Erp Eyvindarson.

Hera, Erpur og Haffi Haff leiða saman hesta sína í Gay Pride-laginu í ár sem nefnist Finnum ástina. Hinsegin dagar fara fram í Reykjavík dagana 4. til 7. ágúst. Hera og Erpur sömdu lagið ásamt Örlygi Smára, Pétri Erni og Valgeiri Magnússyni. Hera segir samstarfið hafa gengið mjög vel og verið afar skemmtilegt.

En fara þau vel saman í lagi, saklausa sveitastelpan og strigakjaftur úr Kópavogi?

„Ég veit ekki með *saklausu* sveitastelpuna? En já, er þetta ekki þessi klassíski dúett?“

Og svo glyshomminn með?

„Já, kyndilberinn sjálfur. Þetta er hið besta mál. Við erum með samkynhneigð, gagnkynhneigð, rappara, brjálæðinga og dívur af öllum kynjum. Og úr öllum trúarfélögum,“ segir Hera og hlær. „Það er kannski kominn tími til að gagnkynhneigðir sýni samstöðu í verki og syngi Gay Pride-lagið. Við erum hópur mjög sterkra gagnkynhneigðra einstaklinga sem styðjum málstað þeirra, bæði flytjendur og lagahöfundar. Þetta er samfélagið í dag, það er að breytast hægt en örugglega. Við erum að fatta það, að ást er ást, hvernig sem á hana er litið.“

Hera er gríðarlega ánægð með lagið sem hún segir partívænt með grípandi viðlagi. „Boðskapurinn er ástin, rómantíkin og gleðin í loftinu,“ segir hún. „Ég er búin að vera að syngja lagið á ensku í Bandaríkjunum og Þýskalandi og í Hrísey. Það eru allir ánægðir með þetta og kunna lagið strax. Byrja að syngja strax í fyrsta viðlagi, sem er góðs viti.“

atlifannar@frettabladid.is

Saga sem verður að heyrast

„Mig dreymdi um að verða rithöfundur þegar ég var fjögurra ára. Það má því kannski segja að draumurinn sé að rætast,“ segir Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikkona og blaðamaður.

Lilja er með bók í bígerð og nýtir hverja lausa stund í sumarfríinu til að skrifa. Bókin er sannsöguleg og fjallar um harða forræðisdeilu íslenskrar móður við bandarískan barnsföður sinn.

Lilja kynntist konunni þegar hún var að vinna sem blaðamaður hjá DV fyrir nokkrum árum og skrifaði um málið. „Að skrifa bók um þetta erfiða ferli var eiginlega sameiginleg ákvörðun okkar beggja. Við vorum sammála um að þessa sögu yrði að segja. Forræðisdeilur í millilandasamböndum eru algengar og fleiri í sömu sporum og hún sem geta nýtt sér þessa reynslu.“

Lilja byrjaði á bókinni árið 2009 og skrifaði þá einn kafla til að prufa. „Ég var ólétt þá og með hormónana í botni þannig að það tók á að fara í gegnum þessa erfiðu sögu. Stundum líður mér eins og ég sé að skrifa spennusögu eða bíómynd. Það var til dæmis alveg rosalegt hvernig hún fór að því að flýja frá Bandaríkjunum og heim,“ segir Lilja og bætir við að hún dáist að þrautseigjunni í konunni.

Málið fékk farsælan endi og er konan nú búsett á Íslandi með börnin sín. Lilja er rúmlega hálfnuð með bókina og stefna þær á að gefa hana út á árinu. „Þetta er saga um móður sem gerir allt fyrir börnin sín og gefst aldrei upp. Þess vegna held ég að allir hafi gott af því að kynnast þessari sögu.“

- áp

VIÐ SKRIFTIR Lilja Katrín Gunnarsdóttir, leikkona og blaðamaður, skrifar átakanlega sögu móður í forræðisdeilu milli landa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.

Allt sem þú þarft...

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

VÍSIR

Eirberg
BAUERFEIND®
Viðurkenndar stuðningshlífar
• Virkur stuðningur
• Vandaður vefnaður
• Góð öndun
• Einstök hönnun
• Fjölbreytt úrval
Fagleg ráðgjöf sjúkraþjálfara. Tímapantanir.
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ham á toppnum

Sigurjón Kjartansson og félagar í Ham sendu nýlega frá sér lagið Ingimar, sem verður á væntanlegri plötu hljómsveitarinnar. Platan hefur fengið nafnið Svik, harmur og dauði og kemur út í ágúst. Ingimar er mikill smellur og trónir nú á toppi vinsældarlista X-ins 977, nokkuð sem enginn sá fyrir seint á síðustu öld þegar hljómsveitin lagðist í dvala. Lagið er einnig komið inn á vinsældarlista Rásar 2 og ljóst er að endurkoma Ham verður glæsilegri en menn þorðu að vona.

Ánægja með lokun

Hluta Laugavegar var lokað fyrir bílaumferð í byrjun mánaðarins. Kaup- og veitingamenn við götuna tóku misjafnlega í hugmyndina til að byrja með en hafa nú óskað eftir því að fresta opnun götunnar fyrir umferð til 8. ágúst. Mikið líf og fjör hefur verið á Laugavegi frá því að breytingarnar áttu sér stað. Að auki hefur borist formleg beiðni um að gera Skólavörðustíg einnig að göngugötu frá 2. ágúst og fram að þeim áttunda. Kristín Soffía Jónsdóttir, varaformaður umhverfis- og samgönguráðs, segir ánægjulegt að sjá hversu vel hefur tekist að glæða Laugaveginn auknu lífi.

- sm, afb

Mest lesið vísir

1. Fá ekki ís ef þeir leifa mat
2. Myndbandið sem morðinginn setti á netið rétt fyrir ódæðin
3. Sagt að Amy hafi tekið of stóran skammt af eiturlyfjum
4. Fjöldamorðinginn stal texta af þekktum hryðjuverkamanni
5. Tuttugu og fimm enn saknað

Office1

Fyrirtækjaþjónusta

ÓDÝR REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

netverslun www.weezo.is

WEEZO jumpsuit

Ómissandi á Þjóðhátíð

Sendum samdægurs

Kr. 14.900,-

Fæst aðeins í netverslun www.weezo.is

info@weezo.is